



Uppsetning á stjórnuveri Perlunnar er í fullum gangi þessa dagana. Hvelvingin, sem sex stafrænrir skjávarpar munu varpa myndum á í bestu fánlegum 8K gæðum, er að taka á sig mynd. Þar munu gestir geta setið í einum hitaveitutanka Perlunnar og ferðast um óraviddir alheimsins. Þessir ungu menn voru einbeitingin uppmáluð við uppsetninguna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Áfengi skaðlegt heilsu í hófi sem óhófi

Ein umfangsmesta rannsókn seinni tíma á áhrifum áfengis á heilsu manna sýnir að áfengisdrykkja, hvort sem er í hófi eða óhófi, er skaðleg heilsu manna. Þriðjungur jarðarbúa drekkur áfengi. Ísland er í tíunda sæti yfir þau lönd þar sem flestir neyta áfengis.

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurstöður nýrrar, fjölþjóðlegrar rannsóknar gefa til kynna að ekkert sé til sem teljist meínláus eða jafnvel heilsuþættandi neysla áfengis.

„Sú mýta að einn eða tveir drykkir á dag séu heilsuþættandi er aðeins það; mýta. Þessi rannsókn kollvarpar þeirri mýtu,“ segir doktor Emmanuela Gakidou hjá IHME-lyðheilsustofnunni í Washington og aðalhöfundur rannsóknarinnar. „Það er kynjandi þörf á að ráðast í endurbætur á opinberri stefnumótun svo að hún hvetji annaðhvort til minni áfengisneyslu meðal almennings eða

til þess að fólk haldi sig álfarið frá slíkri neyslu.“

Ritryndar niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í The Lancet, einu virtasta læknávisindaritri veraldar, í gær. Niðurstöðurnar byggja á hundruðum rannsókna á áfengisneyslu í 195 löndum og áhrifum áfengis á heilsu tæplega 30 milljóna einstaklinga.

Rannsóknarniðurstöðurnar sýna fram á að einn af hverjum þremur jarðarbúum neyti áfengis, eða um 2,4 milljarðar manna. Rekja má dauðsföll 2,2 prósentu kvenna og 6,8 prósentu karla til áfengistengdra heilbrigðis-

**Við þurfum að horfast í augu við að áfengisneysla er dauðans alvara.**

Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur



vandamála á hverju ári. Þrjár milljónir dauðsfalla árið 2016 má rekja til neyslu áfengis.

Árið 2016 var áfengisneysla helsta dánarorsök einstaklinga á aldrinum

15 til 49 ára, eða um tíu prósent allra dauðsfalla. Í þessum aldursflokki er neyslan tengd berklum, umferðarslysum og sjálfsskaða.

Þegar áfengistengd dauðsföll einstaklinga eldri en 50 ára voru skoðuð kom í ljós að þar voru krabbamein algengust, eða í 27,1 prósentu dauðsfalla hjá konum og 18,9 prósentum hjá körlum.

„Við þurfum að horfast í augu við það að áfengisneysla er dauðans alvara,“ segir Laufey Tryggvadóttir, faraldsfræðingur og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Krabbameinsfélagsins. – khn / sjá síðu 4

### Eldi of umdeilt fyrir Isavia

**VIDSKIPTI** Isavia fjarlægði stórt auglýsingaskilti sem samtökin Icelandic Wildlife Fund fengu sett upp í innritunarsal Leifsstöðvar. Samtökin berjast meðal annars gegn vexti sjókvíaldis hér á landi og segir upplýsingafulltrúi Isavia að auglýsingar í flugstöðinni eigi að sýna vöru eða þjónustu en ekki snúast um álítamál þar sem tveir hópar takist á um umdeild málefni.

Skiltið fékk að hanga uppi í tíu daga áður en það var fjarlægð. IWF hefur kvartað undan Isavia til síðanefndar Sambands íslenskra auglýsingastofna.

„Þetta þótti okkur einkennilegt því fulltrúar Isavia sögðu okkur líka að engin athugasemd hefði borist við auglýsinguna,“ segir Jón Kaldal talsmaður IWF. – að / sjá síðu 6

### Fréttablaðið í dag

**SKODUN** Valgerður Sigurðardóttir skrifar um vanda 1.482 reykviskra barnafjölskyldna. **10**

**SPORT** Laugardalshöllin er barn sins tíma og hefur verið á undanþágum í mörg ár. **14**

**TÍMAMÓT** Norræna húsið fagnar fimmtíu ára afmæli. **16**

**LÍFIÐ** Atli Óskar Fjalarsson og Viktor Sigurjónsson vilja leggja sitt af mörkum með stuttmyndinni Lífið á Eyjunni. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**  
● FÓLK  
● HEILSURÆKT

\*Samkvæmt prentniðlákonnum Gallup-apríl-júní 2015



**Besta verðið með áskrift**  
borgarleikhús.is

**STRÆTÓ**  
kemur þér í skólann

**ZIPCAR**  
kemur þér í skreppið

Fáðu ZipCar með Nemakorti Strætó

**HNÍFAPARATÖSKUR**

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM MIKIÐ ÚRVAL VERÐ FRÁ KR. 24.990

**TEKK KRISTALL**

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955



## Veður



Hæg norðanált í dag, skýjað með köflum og stöku skúrir sunnan- og vestanlands, en skýjað og skúrir um norðanvert landið. Hiti 7 til 14 stig, hlýjast syðst. **SJÁ SÍÐU 20**

## Listamenn ræddu gjörninga



Fjöldi mætti í Listasafn Reykjavíkur í gær til að fylgjast með Ragnari Kjartanssyni og Theaster Gates ræða listsköpun sína. Þeir kollegar eru í fremstu röð alþjóðlegrar samtímalistar en báðir eru þekktir fyrir gjörninga sem eru hluti rýmis- og myndbandsverka eða eru inngríp í rými eða samfélag. Hægra megin er Markús Þór Andrésson, deildarstjóri sýninga og miðlunar hjá Listasafninu, en hann stýrði umræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Bannað að hefta vefverslun á EES

**NEYTENDUR** Ný reglugerð ESB, sem verður innleidd 2. desember næstkomandi, gerir seljendum vöru og þjónustu skylt að veita öllum neytendum rétt til viðskipta á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Hingað til eru mörg dæmi þekkt þess efnis að neytendur hafi ekki getað fengið vöru eða þjónustu keypta nema að vera búsettir í því landi þar sem netverslunin er starfrækt eða að seljandi hafi ákveðið að selja eingöngu til ákveðinna landa. Þegar tilskipunin tekur gildi verður slíkt óheimilt.

Sem fyrr segir verður tilskipunin innleidd í ESB-ríkjum eigi síðar en 2. desember. Í frétt á vef Neytendastofu segir að innleiðing reglnanna hér á Íslandi muni væntanlega, venju samkvæmt, eiga sér stað nokkru síðar.

-jóe



Það þarf að huga að mörgu við útlagningu malbiks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Malbikað fyrir milljarða

**SAMGÖNGUR** Það hefur viðráð betur til malbikunar undanfarna daga en fyrri hluta sumars. Útlagningarmenn hafa undanfarna daga og vikur verið í óðaönn að ljúka verkefnum sumarsins áður en haustið, og síðar vetur, skellur á af fullum krafti.

Á höfuðborgarsvæðinu einu saman stóð til að leggja malbik fyrir tvo milljarða á götur borgarinnar. Þá veitti ríkisstjórnin í apríl fjóra milljarða aukalega úr sérstökum neyðarsjóði til brýnna vegaframkvæmda.

-jóe

## FRÉTTABLAÐIÐ

## +PLÚS

Fleiri myndir má nálgast á +PLÚS síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +PLÚS er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á [frettabladid.is](http://frettabladid.is).

## Bifhjólamenn þurfa að forskrá sig á Ljósanótt

Hertar öryggisreglur verða á Ljósanótt í Reykjanesbæ sem fram fer seinni hluta næstu viku. Meðal annars verður umferð takmörkuð á hátíðarsvæðinu. Kraftis þess að þátttakendur í hópakstri skrá sig fyrir fram. Bifhjólamenn eru ósáttir.

**REYKJANESBÆR** Skiptar skoðanir eru meðal meðlima Arna Bifhjólaklúbbs Suðurnesja um þá kröfu lögreglu að þeir skrá sig með nafni, kennitölu og skráningarnúmeri hjóls atli þeir að taka þátt í hópakstri á Ljósanótt.

Á opinni Facebook-síðu klúbbsins segjast nokkrir félagar ekki ætla að taka þátt vegna þessara krafna. Velta þeir fyrir sér hvort framkvæmdin standist kröfur um persónuvernd.

Oskar Hünfjörð, formaður Arna, segir stjórnina hafa ákveðið að sýna þessum kröfum skilning. „Lögreglan er bara að vinna sína vinnu. Okkur var í raun ekki gefinn neinn annar kostur en persónulega finnst mér þetta ekki neinar ofurkröfur.“

Hann óttast þó að þetta muni draga úr þátttökunni, bæði vegna óánægju félaga en einnig vegna þess að gestir viti ekki af þessu fyrirkomulagi.

„Við höfum staðið fyrir þessum hópakstri frá upphafi Ljósanætur. Það hafa verið á bilinu 200 til 400 þátttakendur en það fer svoltið eftir veðri. Þarna kemur mikið af bifhjólafólki úr öðrum klúbbum á suðvesturhorninu. Þetta er einn af föstu viðburðum sem hjólafolk stólar á.“

Að sögn Óskars ákveða margir að taka þátt á síðustu stundu, oft með tilliti til veðurs. „Ég óttast aðeins hvað við eigum að gera þegar félagar okkar mæta á svæðið og hafa ekki skráð sig. Plan B er að fara aðra leið. Þessar kröfur eru bundnar við keyrslu eins til tveggja kílómetra kafla í gegnum mannfjöldann.“

Oskar segir það stóran þátt í hátíðarhöldum Ljósanætur þegar



Bifhjólaklúbburinn Ernir býr sig undir hópakstur á Ljósanótt í fyrra.

**Þessar hertu reglur eru í raun afleiðing af breyttum veruleika í heiminum.**

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum

klúbburinn Ernir mæti með gesti sína og keyri í gegnum bæinn. Fyrir Erni hafi þetta hins vegar meiri þýðingu en bara akstur þennan stutta spotta. „Hér er fólk úr öllum klúbbum að hittast og við tökum sam- eiginlegan rúnt um Reykjanesið.“

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir að farið hafi verið yfir verklag síðasta

árs og áhættumat gert. Verið sé að herða á öryggisreglum sem felist meðal annars í því að umferð um hátíðarsvæðið verði takmörkuð. „Þessar hertu reglur eru í raun afleiðing af breyttum veruleika í heiminum.“

Varðandi kröfur um að skrá þurfi þátttöku fyrirfram segir hann að sú ákvörðun hafi verið tekin í samráði við Fornbílaklúbbinn sem stendur einnig fyrir hópakstri. Hann segist treysta á gott samstarf við bifhjólamenn og ökumenn fornbíla.

„Bifhjólin fylgja með í því. Við verðum að hafa jafnræðisjónarmið í heiðri. Við teljum þetta ekki vera persónuverndarmál. Það er lítið mál fyrir okkur að sjá skráðan eiginnda þegar við sjáum bílana og hjólin koma.“ [sighvatur@frettabladid.is](mailto:sighvatur@frettabladid.is)

Grill - Húsgögn  
Eldstæði - Útljós  
Hitarar - Aukahlutir

**Grillbúðin**

**25%  
afsláttur**



NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation  
that excites

# TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN **NISSAN SPORTJEPPA** MEÐ VEGLEGUM AUKAHLUTAPAKKA



## **ALLT AÐ 350.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI**

FYLGIR NÝJUM NISSAN QASHQAI EÐA X-TRAIL

Nánari upplýsingar á [nissan.is](http://nissan.is)

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)







Vinnuástaðan við malbikun er ekki fyrir alla en margir vilja hvernig annars staðar vera. Þessi starfsmaður, sem varð á vegi ljósmyndara á Snorrabraut í gær, undi sér vel með Peltorinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Veðurblíðan nýtt í malbikið

Viðast hvar á landinu hafa aðstæður til útlagningar verið með verra móti það sem af er sumri. Gert er ráð fyrir að nýta góðviðrissdaga til fulls fram á haust.

Í upphafi árs stóð til að malbika 43 kílómetra á höfuðborgarsvæðinu og var tveimur milljörðum króna úthlutað til verksins. Í apríl veitti ríkisstjórnin fjóra milljarða króna til brynna vegaframkvæmda úr neyðarsjóði sínum og bættist það við þá átta milljarða sem áætlaðir voru í slík verk á fjárlögum.

Regn hefur gert verk vegavinnu- manna erfiðara en vant er það sem

af er sumri en ágætlega hefur viðráð að undanfögnu. Það ætti að haldast fram yfir helgi.

Í upphafi sumars kvörtuðu framkvæmdaaðilar yfir því að fólk sýndi þeim ekki næga tillitssemi og æki of hratt fram hjá svæðum þar sem malbikun stóð yfir. Að sögn Péturs Armanns Hjaltasonar, öryggisstjóra Hlaðbæjar Colas, hefur það lagast til muna og öryggi starfsmanna tryggt.



Götum í borginni var forgangsraðað eftir því hvar lá mest á að koma nýju malbikslagi á strætin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Á höfuðborgarsvæðinu einu stóð til að malbika 43 kílómetra en það er aukning um 13 kílómetra frá fyrra ári. 1,7 milljarðar voru veittir til að fræsa vegi og malbika þá á ný en ríflega 200 milljónir í að plástra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Það þarf að huga að ýmsu áður en malbikið er lagt á stræti og torg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# HVAR ENDA ÞÍN ÁHRIF?

Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanlegur.

Minningarsjóður Lovísu Hrundar | [lovisahrund.is](http://lovisahrund.is)

## Dæmdur fyrir handrúkkun

**DOMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra dæmdi í vikunni þriðjuga Akureyring í átján mánaða fangelsi fyrir að hafa ráðist fólkskulaga á mann og svipt frelsi í handrúkkun sem fór fram í apríl árið 2016.

Er hann sakfelldur fyrir að hafa ráðist á manninn þar sem hann var í heitum potti við heimili, dregið hann upp úr og gengið í skrokk á honum. Árásarmaðurinn hvarf á braut en sneri aftur ásamt öðrum manni sem einnig var ákærður og þriðja manni sem nú er látinn. Þeir hafi sett þolandann rænulausan upp á pallbil og keyrt með hann að Fálkafelli, gengið í skrokk á honum frekar og skilið hann eftir rænulitinn og blóðugan. Þar fann gangandi vegfarandi hann laust fyrir hádegis daginn eftir.

Hinn maðurinn var sýknaður af ákeru um árásina en dæmdur í mánaðarfangelsi fyrir fíkniefna- og vopnalagabrot. – smj

## Hagnaður Lýsis dróst saman um 90 prósent

**VÍÐSKIPTI** Hagnaður Lýsis nam 41,6 milljónum króna á síðasta ári og dróst saman um riflega 90 prósent frá fyrra ári þegar hann var 537 milljónir króna, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins.

Samdrátturinn skýrist að stórum hluta af minni gengishagnaði en hann nam 215 milljónum króna í fyrra borið saman við 870 milljónir árið 2016. Rekstrartekjur námu 8.217 milljónum króna á síðasta ári og drógust saman um níu prósent á milli ára.

EBITDA félagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var 576 milljónir í fyrra og batnaði lítillega, eða um 12 milljónir.

Stjórn Lýsis leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á þessu ári. Stærsti hluthafi félagsins, með 84 prósent hlut, er eignarhaldsfélagið Ivar en Guðbjörg Matthíasdóttir er einn aðaleigandi þess. – kj

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Ný rannsókn hrekkur mýtuna um heilsubætandi áfengisneyslu

Niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar, þar sem könnuð voru áhrif áfengisneyslu á heilsu nær 30 milljóna einstaklinga um allan heim, gefa sterklaga til kynna að öll neysla áfengis, í hófi sem óhófi, sé skaðleg heilsu manna. Árið 2016 mátti rekja 10 prósent dauðsfalla fólks á aldrinum 15 til 49 til áfengisneyslu.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er gríðarleg heilbrigðisáhætta tengd neysla áfengis,“ segir doktor Emmanuela Gakidou hjá Lýðheilsuvísindastofnun Washington-háskóla (IHME). Hún er aðalhöfundur nýrrar alþjóðlegrar rannsóknar sem birt var í lækningaritinu The Lancet í gær og tekur til áfengistengdra heilbrigðisvandamála hjá 30 milljónum einstaklinga í 195 löndum.

„Niðurstöður okkar eru í samræmi við aðrar nýlegar rannsóknir sem sýndu fram á skýra fylgni milli drykkju og ótimabærs dauða, krabbameins og hjarta- og æðasjúkdóma. Það að neyta ekki áfengis dregur heilt yfir úr líkum á því að verða fyrir heilsutapi,“ segir Gakidou.

Rannsóknarhöfundar notuðu gögn úr 694 rannsóknum til að áætla hversu almenn áfengisneysla er í heiminum auk gagna úr öðrum 592 rannsóknum – sem gerðar voru á árunum 1990 til 2016 og taka til 28 milljóna einstaklinga um allan heim – til að meta heilbrigðisáættuna sem tengd er áfengisneyslu.

Ritryndar niðurstöður Gakidou og meðhöfunda hennar gefa til kynna að einn af hverjum þremur jarðarbúum neyti áfengis, eða 2,4 milljarðar manna. Rekja má dauðsföll 2,2 prósentu kvenna og 6,8 prósentu karla til áfengistengdra heilbrigðisvandamála. Þrjár milljónir dauðsfalla árið 2016 má rekja til neyslu áfengis.

Árið 2016 var áfengisneysla ein helsta dánarorsök einstaklinga á aldrinum 15 til 49 ára, eða um 10 prósent allra dauðsfalla. Í þessum aldursflokki er neyslan tengd berklum, umferðarslysum og sjálfsskaða. Þegar áfengistengd dauðsföll einstaklinga eldri en 50 ára voru skoðuð kom í ljós að þar voru krabbamein algengust, eða í 27,1 prósentu dauðsfalla hjá konum og 18,9 prósentum hjá körlum.

Tengsl alkóhóls og heilsu eru flókin, margþætt og erfið rannsóknar en hefubundin neysla áfengis getur haft neikvæð áhrif á líffæri og vefi, á meðan mikil ölvun er tengd meislum og eitrunum. Áfengisfíkn tengist síðan tíðri ölvun, sjálfsskaða og ofbeldi.

„Við þurfum að horfast í augu við það að áfengisneysla er dauðans alvara,“ segir Laufey Tryggvadóttir,



Um þriðjungur jarðarbúa drekkur áfengi, eða í kringum 2,4 milljarðar manna. NORDICPHOTOS/GETTY

**Hin stórfelldu áhrif áfengisneyslunnar á lýðheilsu hljóta að leggja á herðar stjórnvalda að gera sitt til að draga úr henni.**

Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur



faraldsfræðingur og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár. „Þetta er afar sannfærandi rannsókn og vel framkvæmd. „Hin stórfelldu áhrif áfengisneyslunnar á lýðheilsu hljóta að leggja þá ábyrgð á herðar stjórnvalda að gera sitt til að draga úr henni.“

Hún segir mesta nýmælið vera hvernig rannsóknarhöfundar hrekja þá hugmynd að hófleg áfengisneysla sé heilsubætandi. „Pau sýna fram á þetta með því að kanna heildaráhrif áfengisneyslu á alla áfengistengda

## Hlutfall þeirra sem neyttu áfengis (%) árið 2016 á aldrinum 15–49 ára

Konur	Karlar
Danmörk 95,3	Danmörk 97,1
Noregur 91,4	Noregur 94,3
Þýskaland 90,0	Argentína 94,3
Argentína 89,9	Þýskaland 94,3
Nýja-Sjáland 88,5	Pólland 93,8
Swiss 88,4	Frakkland 93,1
Slovakía 87,2	Suður-Kórea 91,3
Frakkland 86,9	Swiss 91,2
Svíþjóð 86,1	Grikkland 90,8
<b>Ísland 84,8</b>	<b>Ísland 90,3</b>

sjúkdóma. Þá kemur í ljós að þótt hófleg neysla geti lækkað áhættu á blóðþurrðar-hjartasjúkdómum og á sýkursýki hjá konum, þá gerir hin aukna áhætta á krabbameinum og fleiri sjúkdómum meir en að vega upp þau áhrif. Einnig er hér leiðrétt fyrir því að samanburðarhópurinn í mörgum eldri rannsóknum, það er hópurinn sem ekki drakk neitt áfengi, hafði óeðlilega háa dánartíðni því í honum voru margir sem höfðu hætt áfengisneyslu af heilsufarsástæðum.“

Laufey tekur undir þá ályktun Gakidou og meðhöfunda að með þessum niðurstöðum hafi hugmyndir manna um meinlausa og jafnvel heilsubætandi áfengisneyslu í hófi verið kveðnar í kúttinn.

„Þessi rannsókn kollvarpar þeirri mýtu,“ segir Gakidou. „Það er knýandi þörf á að ráðast í endurbætur á opinberri stefnumótun svo að hún hvetji annaðhvort til minni áfengisneyslu meðal almennings eða til þess að fólk haldi sig alfarið frá slíkri neyslu.“ [kjartanh@frettabladid.is](mailto:kjartanh@frettabladid.is)

# ALVÖRUBÍL HJÓLA

NÚ ER RÉTTI TIMINN!

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

ÚTSALA!  
20-60% AFSLÁTTUR

GAP

WWW.GAP.IS

GÁP | FAXAFEN 7 | 108 REYKJAVÍK | 520-0200



# Meira fjör



227 kr/stk\*



## Nocco BCAA drykkir

Það skiptir ekki máli hver er þinn uppáhalds. Þú velur 24 Nocco drykki að eigin vali.

**5.449** kr/ks

Verð áður 7.176 kr/ks

\*Míðað við að verslað er 24 stk

Tilboð gilda út 26. ágúst



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

Meira  
svona  
alla daga





Pingstjarnan Bobi Wine sagður beittur ofbeldi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Wine ákærður fyrir landráð

ÚGANDA Bobi Wine, þingmaður og fyrrverandi poppstjarna, var í gær ákærður fyrir landráð í Úganda. Herinn handtók Wine og þrjátíu aðra í síðustu viku. Honum var sleppt úr haldi í gær. Þá handtók lögregla hann og dró fyrir dóm þar sem ákæran var lögð fram.

Það var afar umdeilt þegar herinn handtók Wine. Þá var hann staddur í Arua, þar sem Yoweri Museveni forseti var að tala máli þingfram-bjóðanda flokks síns. Yfirvöld halda því fram að Wine og aðrir stjórnarandstöðupingmenn hafi hvatt stuðningsmenn sína til að grýta bilalest forsetans.

Stjórnarandstæðingar hafa sagt að Wine hafi verið beittur andlegu ofbeldi í herfangelsi en því hefur herinn sem og Museveni neitað. Bandaríska sendiráðið var á meðal þeirra sem lýstu áhyggjum af meðferð stjórnarandstæðinga en margir eru á þeirri línu að um sé að ræða pólitískar ófsóknir.

Wine nýtur mikilla vinsælda í heimalandinu og því hefur verið spáð að hann bjóði sig fram gegn Museveni í forsetakosningum 2021.

– þea

## Ætla að banna halógenperur

EVROPA Halógenperur verða bannaðar innan ESB frá og með laugardegnum til þess að fá neytendur til að skipta yfir í sparneytnari LED-perur. Bannið er hluti aðgerða ESB til þess að draga úr orkunotkun og skaðlegum umhverfisáhrifum.

Anna-Kaisa Itonen, talskona framkvæmdastjórnar ESB í loftslags- og orkumálum, segir við CNN að það myndi leiða til 15,2 milljóna tonna samdráttar í losun koltvísýringisgilda fyrir árið 2025.

Upphaflega var ákveðið árið 2009 að stefna að því að perurnar yrðu ekki lengur notaðar eftir 1. september 2016. Hins vegar taldi framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að framlengja aðlögunarfrest neytenda. – þea



Skiltið hékk í innritunarsal Leifsstöðvar í tíu daga en var þá tekið niður að ákvörðun Isavia. Ákvörðun sem kom Icelandic Wildlife Fund mjög á óvart. MYND/IWF

# Isavia lét fjarlægja auglýsingu gegn sjókvíaeldi í Leifsstöð

Auglýsing samtakanna Icelandic Wildlife Fund hékk uppi í tíu daga í Flugstöð Leifs Eiríkssonar áður en hún var fjarlægð. Samtökin hafa kvartað til síðanefndar Sambands íslenskra auglýsingastofa. Isavia segir auglýsingar í Leifsstöð ekki mega innihalda pólitísk skilaboð eða tala gegn starfsemi fyrirtækja og atvinnugreina.

**VIÐSKIPTI** Icelandic Wildlife Fund, sem berst meðal annars gegn vexti sjókvíaeldis hér á landi, hefur vísað ákvörðun Isavia um að fjarlægja auglýsingaskilti sem sjóðurinn fékk sett upp í Leifsstöð 17. júlí síðastliðinn, til síðanefndar Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA).

Skiltið hékk í innritunarsal flugstöðvarinnar í 10 daga en var þá fjarlægð.

„Isavia hefur lagt höfuðáherslu á að þær auglýsingar sem eru í flugstöðinni séu fyrst og fremst miðaðar að því að auglýsa vöru og þjónustu en séu ekki auglýsingar um álitamál þar sem tveir hópar eru að takast á um umdeild málefni. Þess vegna hefur Isavia lagt áherslu á að auglýsingar séu bornar undir starfsmenn áður en þær eru settar upp,“ segir Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia.

Hann segir auglýsinguna hafa verið keypta af birtingahúsi og því hafi Isavia aldrei átt í neinum samskiptum við starfsmenn sjóðsins. Auglýsingin hafi ekki verið borin

Þess vegna hefur Isavia lagt áherslu á að auglýsingar séu bornar undir starfsmenn.

Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia



Það kom okkur mjög á óvart að Isavia skyldi ákveða að taka auglýsinguna niður.

Jón Kaldal, talsmaður Icelandic Wildlife Fund



við auglýsinguna, heldur hefðu þau ákveðið að taka hana niður að eigin frumkvæði. Eðlilega bentum við á að Icelandic Wildlife Fund ætti ekki í deilum við neinn um efni auglýsingarinnar og Isavia gæti því dregist inn í deilur sem eru ekki til,“ segir Jón Kaldal, talsmaður Icelandic Wildlife Fund.

Jón segir texta auglýsingarinnar byggja á óumdeildum visindalegum staðreyndum um neikvæð áhrif stórfellds laxeldis í opnum sjókvíum á umhverfið og lífríkið og að auglýsingin beinist hvortki um nafngreindum fyrirtækjum né sé fölk hvatt til að sniðganga tiltekna vörur.

„Petta er eins og að taka niður auglýsingar sem hvetja til notkunar á grænum orkugjöfum til að draga úr loftslagsbreytingum af mannavöldum, með þeim rökum að Isavia telji þær „meiðandi“ fyrir olíuönduinn í heiminum.“

Niðurstöðu síðanefndarinnar er að vænta í næstu viku.

adalheidur@frettabladid.is

## Vinnubúðir til sölu

- 52 herbergi öll með baðherbergjum
- Allt innbúi fylgir; rúm, stólar, skrifborð og skápar.
- Setustofur með sófum og sjónvörpum.
- Góð skrifstofurými með kaffiádstöðu.
- Vinnubúðirnar eru staðsettar við Búrfell

**Vinnubúðirnar eru lausar til afhendingar í ágúst eða samkvæmt samkomulagi.**

Óskað er eftir tilboðum, möguleiki á að kaupa einstakar einingar.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á [www.isol.is](http://www.isol.is) og hjá Hirti Nielsen ([hjortur@isol.is](mailto:hjortur@isol.is)) í síma 533-1234

**ANDRITZ**  
Hydro

Útibú á Íslandi



Rússneskt eldflaugakerfi í hersýningu í bænum Súkovskij. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sent 63.000 hermenn til Sýrlands

RÚSSLAND Varnarmálaráðuneyti Rússlands sagði frá því í gær að alls hafi 63.000 rússneskir hermenn öðlast reynslu af átökum í Sýrlandi frá því í september 2015. Áttíuhundruð hafi Rússar gert 39.000 loftárásir úr varnarstöðu, skotið á 121.466 skotmörk og drepið 86.000 vígamenn, að því er ráðuneytið hélt fram.

Ráðuneytið segir Rússa hafa próf-að 231 nýtt vopn í Sýrlandi.

Ekki var minnst á mannfall almennra borgara sem bresku samtökin Syrian Observatory for Human

Rights halda fram að nemi nærri átta þúsund. Yfirvöld í Rússlandi hafa haldið því fram að loftárásir þeirra beinist eingöngu gegn hryðjuverkamönnum en aðgerðasinnar á svæðinu segja almenna borgara oftast verða fyrir skothríðinni.

Stríðsglæparannsakendur á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa einnig bent á að loftárásir Rússa og bandamanna þeirra hafi ítrekað haft sjúkrahús, skóla og markaði. Slíkir staðir njóta sérstakrar verndar undir alþjóðalögum. – þea



PEUGEOT 3008

# BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX!



ALÞJÓÐLEG  
VERÐLAUN



PEUGEOT

VERÐ FRÁ 3.790.000 KR.

Bandalag íslenskra bílaálagamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, hann hefur unnið til 38 alþjóðlegra verðlauna. PureTech bensínvél bílsins hlaut þann heiður að vera Valin Vél ársins fjórða árið í röð!

**KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!**



**Brimborg Reykjavík**  
Bildshöfða 8  
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

**Njír og notaðir bílar:**  
Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16

[Peugeotisland.is](http://Peugeotisland.is)



Erna Gísladóttir, forstjóri BL.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## BL hagnast um 1,4 milljarða

**VIÐSKIPTI** Bílaumboðið BL hagnaðist um 1.378 milljónir króna á fyrra, samkvæmt nýjum ársreikningi félagsins. Dróst hagnaðurinn saman um ríflega sex prósent frá fyrra ári þegar hann nam 1.468 milljónum króna.

Rekstrartekjur bílaumboðsins námu 26.459 milljónum króna á síðasta ári og jukust um 13 prósent frá árinu 2016 þegar þær voru um 23.359 milljónir. Rekstrargjöldin voru 24.622 milljónir í fyrra borið saman við 21.625 milljónir árið 2016, að því er fram kemur í ársreikningnum.

# 26,4

milljarðar króna.  
Rekstrartekjur BL í fyrra.

Eigið fé BL var 4.284 milljónir í lok síðasta árs og eiginfjárlutfallið um 49 prósent. Alls störfuðu 234 manns að meðaltali hjá bílaumboðinu í fyrra borið saman við 209 árið 2016. – kj

# Nágrannar kæra húsabyrpingu og hótélbyggingu í Heysholti

Ósattir landeigendur í nágrenni jarðarinnar Heysholts í Rangárþingi ytra hafa kært breytt skipulag sem leyfir byggingu 90 herbergja hótels og 40 fristundahúsa á jörðinni. Lögmaður eigenda Heysholts sakar hins vegar sveitarfélagið um að hafa stuðlað að framlagningu kærunnar og bendir á að kærufrestur sé liðinn.

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur jarða sem liggja að Heysholti í Rangárþingi ytra hafa kært deiliskipulag sem sveitarstjórnin samþykkti og heimilar byggingu hótels og fristundahúsa í Heysholti.

Í kæru eigenda fimm jarða til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðindamála kemur fram að gert sé ráð fyrir byggingu þriggja hæða, 90 herbergja hótels auk um 40 fristundahúsa „í miðju sveitahéraði.“ eins og það er orðað. Fjöldi gesta geti orðið allt að 448 og við bætist svo starfsmenn. Rangárþing ytra hafi ekki kynnt skipulagsbreytinguna samkvæmt reglum.

„Landeigendur sem eiga land að nýja skipulagsreitnum (Heimaland, Þúfa, Lækjarbotnar og Flagbjarnarholt) sem og aðrir nágrannar höfðu ekki hugmynd um hvað var í gangi fyrr en buið var að samþykkja skipulagið með verulegum breytingum frá upphaflegu plani þar sem stærð, umfang og hæð bygginga var komin fram úr öllu hófi. Það er ljóst að áhrifsvæði hinna fyrirhuguðu mannvirkja nær langt út fyrir Heysholtsreitinn og því hefði átt að upplýsa og ræða við nágretta,“ segir í kærinni.



Hótél Landborgir og fristundahúsa byggjð í hönnun Arkis arkitekta eins og hún er lögð fram í kynningargögnum. Deilt er um skipulagið. MYND/ARKIS ARKITEKTAR

Þá segja kærendurnir umhugsunarvert að sveitarfélagið hafi ekki brugðist við fjölmörgum ábendingum frá Umhverfisstofnun. Sú umsögn hafi verið rituð þegar deiliskipulagstillagan miðaði við að hótelið yrði tvær hæðir.

„Í staðinn samþykkir sveitarfélagið að skipulagið þróist í öfuga átt þar sem meðal annars meira byggingarmagn er leyft, hótélbyg-

ing hækkuð í þrjár hæðir og umfang fyrirhugaðrar starfsemi aukin með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Byggingarnar verða staðsettar nálægt viðkvæmu votlendi og var sérstaklega bent á mikilvægi verndunar þess í umsögn Umhverfisstofnunar,“ segja kærendurnir.

Garðar G. Gíslason, lögmaður eigenda Heysholts, segir í bréfi til úrskurðarnefndarinnar að sveitar-

**Umbjóðendur mínir furða sig á og eru ansi hreint óhressir.**

Garðar G. Gíslason, lögmaður eigenda Heysholts

stjórnin beri ábyrgð á deiliskipulaginu. Þrjátíu daga kærufrestur hafi verið runninn út þegar kærnan barst og því beri að vísa henni frá.

Í tölvupósti til Rangárþings ytra gerir Garðar því skóna að nágrannarnir hafi lagt fram kæru til úrskurðarnefndarinnar að áeggjan sveitarfélagsins.

„Umbjóðendur mínir furða sig á og eru ansi hreint óhressir með að sveitarfélagið sýnist hafa lagt að kærendum í málinu að kanna möguleika á því að skjóta málinu til nefndarinnar,“ segir í bréfi lögmannsins sem kveður jarðeigendurna vænta þess að sveitarfélagið gripi til varna í málinu enda sé það hlutverk þess en ekki eigendanna.

Skipulagsnefnd Rangárþings hafnar því að ekki hafi verið staðið rétt að auglýsingu og tekur undir með lögmanni eigenda Heysholts um að kærufrestur hafi verið liðinn.

gar@frettabladid.is

# SLÖKKTU Á DEYFÐINNI OG KVEIKTU Á DIRFSKUNNI



Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!



**Eclipse Cross** er nýjasti meðlimur Mitsubishi fjölskyldunnar. Hann er hlaðinn staðalbúnaði, með góða veghæð og mikið innanými. Háþrúð tæknin gerir allan akstur öruggari og eykur sjálfstraustið á vegum úti. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum hjá HEKLU.** Slökktu á deyfðinni og kveiktu á dirfskunni með nýjum Eclipse Cross. Hlökkum til að sjá þig!

**Mitsubishi Eclipse Cross**  
Verð frá:

**3.990.000 kr.**



FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fjölskyldum HEKLU að upplýttum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á [www.hekla.is/abyrgd](http://www.hekla.is/abyrgd)

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bilasala Selfoss · Bilás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



ILVA

TAX  
FREE  
AF ÖLLUM  
VÖRUM\*

24. - 27. ÁGÚST

\*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.  
Gildir á meðan birgðir endast.

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 [www.ILVA.is](http://www.ILVA.is)  
laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

 Netgíró



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ILVAISLAND)



[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ILVAISLAND)

## Ekkert að sækja



Hörður Ágísson

hordur@frettabladid.is


Ísland er í dauðafæri. Með þeirri kerfisbreytingu sem hefur orðið á hagkerfinu, sem endurspeglast einkum í viðvarandi viðskiptaþgangi, jákvæðri eignastöðu þjóðarbusins við útlönd og miklum sparnaði heimila og fyrirtækja, hafa raunvextir lækkað verulega á síðustu árum. Með sama framhaldi er raunhæft að ætla að Ísland geti farið að þokast í átt til þess að verða líkara lág-vaxtalöndum. Fyrir íslensk heimili myndi slíkt þýða meiri háttar kjarabætur til lengri tíma. Hvort það tækist mun að stórum hluta ráðast af þróun á vinnumarkaði á komandi misserum. Þar eru sannarlega blíkur á lofti.

Það er ekkert nýtt að flestir vilji fá allt – meðal annars hærri laun, lægri vexti, minni hækkanir fasteignaverðs – fyrir ekkert. Samhengi hlutanna er hins vegar iðulega flóknara. Tugprósenta launahækkanir, á sama tíma og samkeppnishæfni flestra fyrirtækja hefur rýrnað stórkostlega á skömmum tíma, myndu þannig valda aukinni verðbólgu, enn meiri hækkunum á fasteignamarkaði og hærri vöxtum en ella. Niðurstaðan væri skert lífskjör fyrir meginþorra almennings. Þetta ætti að blasa við öllu sanngjörnu fólki. Það er áhyggjuefni að flestir þeir sem sjá ástæðu til að bera saman vexti á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum hafa lítinn áhuga á að skilja hvað veldur því að þeir eru hærri hér á landi. Stöðugleiki á vinnumarkaði, ábyrgur ríkisrekstur og launþróun í samræmi við framleiðni skiptir hvað mestu um að raunvextir þar hafa sögulega séð verið lægri en á Íslandi. Þær kröfur sem heyrast í aðdraganda kjarasamninga í vetur væru ekki til þess fallnar að breyta þessari stöðu. Öðru nær.

Yfirlýsingar forystumanna verkalýðshreyfingarinnar að undanförunu bera þess merki að þeir muni kannski fremur beina kröfum sínum að stjórnvöldum en atvinnurekendum. Það kann að vera góðs viti ef rétt reynist. Þótt ljóst sé að ríkisstjórnin hefur ekki beinu hlutverki að gegna í kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði, enda ekki hennar að hafa skoðun á því hversu mikið svigrúm sé þar mögulega fyrir launahækkanir, þá getur hún lagt sitt af mörkum til að liðka fyrir því að samningur náist sem ógna ekki stöðugleika. Þar ætti einkum tvennt að koma til greina hjá stjórnvöldum. Annars vegar markvissar aðgerðir til að draga úr framboðsvanda á fasteignamarkaði, meðal annars að einfalda til muna regluverkið um húsnæðis- og byggingarmál, og hins vegar að lækka tryggingagjaldið hraðar en áformað er til að stemma stígu við því að launakostnaður fyrirtækja fari að stórum hluta út í verðlag.

Hagkerfið stendur á tímamótum. Eftir miklar nafnlaunahækkanir og gengisstyrkingu krónunnar er Ísland líklega orðið að dýrasta landi í heimi. Afleiðingar eru skert samkeppnishæfni og versnandi afkoma fyrirtækja sem eru í auknum mæli farin að gripa til uppsagna og verðhækkana til að mæta vaxandi kostnaði, ekki hvað síst vegna hárna launa í alþjóðlegum samanburði. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, benti á þessu til efni á hið augljúlega í Fréttablaðinu í gær. „Staðan er sú að það er lítið sem ekkert til atvinnurekenda að sækja.“ Undir þá skoðun má taka. Gangi verður út frá því að allir aðilar vinnumarkaðarins sýni skynsemi og ábyrgð í komandi kjaraviðræðum með það helst að markmiði að verja þann mikla lífskjarabata sem áunnist hefur síðustu ár. Fær munu hins vegar þora að veðja á það.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Smitfaraldur í ráðhúsi**  
Skitamóráll og dónaskapur í borgarstjórn með freignum af alls konar upphlaupum, stórum og ulli eru líklega innblástur nýjasta pistils Hildar Jakobínu Gísladóttur á Smartlandi. Þar segir hún rannsóknir sýna að ókurteisni á vinnustöðum geti verið smitandi, eins og flensa. Eyþór Arnalds deilir pistlinum á Facebook með þessum orðum: „Að gefnu tilefni: Ágæt áminning um vinnustaða-menningu.“ Vigdís Hauksdóttir gripur boltann og deilir færslu Eyþórs. Dónaflensan hefur greinilega skotið sér niður í ráðhúsinu og illu heilli er ekki til bóluefni við þeirri óværu.

**Tvöföld dýfa með kisislunáningi**  
Magnús Garðarsson fór með kisislverksmiðju United Silicon lóðbeint á hausinn með slíkum látum að hann er síður en svo laus allra mála. Í gær var greint frá að protabú United Silicon hefði höfðað á annað skaðabótamál á hendur honum eftir að óútskýrtur bankareikningur uppgötvast í Danmörku. Þar heldur Magnús einmitt til, eldhress, en í gær komst einnig á kreiki í nethéimum myndband sem sýnir hann, vörpulegan mjög á sundskýlu einni fata, stinga sér til sunds ofan af himinháum byggingakrana í Kaupmanna-höfn. Hátt að klífa, lágt að falla eða hátt að klífa, hátt að falla öllu heldur, í þessu tilfelli. thorarinn@frettabladid.is

## Vandinn færður á 1.482 barnafjölskyldur



Valgerður Sigurðardóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Við vitum að það er að koma haust þegar við byrjum að heyrja fréttir af svikum loforðum meirihlutans í Reykjavík vegna innrútnunar í leikskóla og frístundaheimili. A fundi skóla- og frístundaráðs voru kynntar sláandi tölur varðandi þann stóra vanda sem við er að etja í Reykjavíkurborg vegna manneklu.

## Svikin loforð

Alls komast 128 börn ekki inn í leikskóla á haust. Það vantar 62 stöðugildi í leikskóla borgarinnar miðað við grunnstöðugildi í leikskólum og um 23 stöðugildi sem vantar í afleysingu. Það vantar um 34 stöðugildi í grunnskólana. Það vantar um 104 stöðugildi á frístundaheimilum. Þá fá 1.354 börn ekki pláss í frístund í upphafi skólaárs.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit meirihlutans um að koma til móts við foreldra og dagvistun barna þeirra í kosninga-baráttunni sl. vor hefur fátt gerst. Vandinn er raunverulegur og tugir foreldra í Reykjavík standa nú frammi fyrir því að geta ekki sinnt vinnu sinni vegna aðgerðarleysis meirihlutans. Vandinn borgarinnar er því færður á fjölskyldur ungra barna. Ástandið sem skapast hefur í leikskólum borgarinnar bitnar þó verst á börnunum.

Það vantar um 104 stöðugildi á frístundaheimilum eða 211 starfsmenn. Því fá ekki 1.354 börn pláss í frístund í upphafi skólaárs.

Einnig vantar um 34 stöðugildi í grunnskólum. Það lendir því meira álag á því fólki sem vinnur í þessum skólum. Því er ekki furða að kulnun í starfi sé stór vandi hjá þeim sem starfa í grunnskólum.

## Snúum vörn í sókn

Stjórnmalmennti borginni verða að átta sig á því að borgin þarf að fara að spila sókn svo að þeir fagmenntuðu starfsmenn sem eftir starfa hjá borginni í leik- og grunnskólum hverfi ekki til nágrannasveitarfélaganna. Þeir verða að standa við þau stóru loforð sem hafa verið gefin og hætta að velta vandanum á undan sér. Snúum vörn í sókn fyrir börnin okkar.

## Ertu söngfugl?



Kvennakór auglýsir eftir áhugasömum kórkonum.

Fyrsta verkefni kórsins í haust er þátttaka í jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrirhugaðir eru í byrjun desember. Eftir áramót er stefnt á léttara efni ásamt djasshljómsveit.

Æfingar verða í Mosfellsbæ á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálf klukkustund.

Raddprufur verða miðvikudaginn 29. ágúst.

Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com



korconcordia



# Allir menn eru lofthræddir

## Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Víða um landið rísa þverhnjúp klif úr hafi. Þessi tignarlegu björg eru í senn tilkomin mikil og ögnvekjandi. Þau íða af margs konar lífi—milljónir fugla nýta hverja einustu skoru og syllu til þess að ala upp ungvíðið—en þau hóta líka bráðum dauða hverjum þeim sem ekki virðir háskann.

Orkan í þessari stórbrotnu náttúru hefur enda mikið aðdráttaraff og það er einn af hápunktum ævi margra að heimsækja staði eins og Hornbjarg eða úteyjar Vestmannaeyja og upplifa hið æsilega samspil lífsorku og dauðögnar sem býr í björgunum.

### Svimandi feður

Flestir þeir sem koma á Hornbjarg—þar sem bergið ris eins og hogginn veggur 500 metra beint upp úr Atlantshafinu—finna fyrir óþægilegum fíringi í maganum þegar þeir nálgast brúnina. Jafnvel þeir sem almennt eru stöðugir á fótunum fara allt í einu að vantresta sjálfum sér og sú hugmynd læðist að manni að í fyrsta skipti á ævinni geti það gerst að maður missi jafnvægið og detti beinlínis

afram og steypist fyrir bjargið. Þetta gerist jafnvel þótt út að þverhnjúpinu sé örliitt halli uppávið, og þess vegna myndi vera rökrétt að meta líkurnar á því að maður falli framfyrir sig svipaðar eins og að maður myndi detta upp stiga.

Flestir fara því óskaplega varlega, skriða jafnvel á fjórum fótum á grasinu, jafnvel nokkrum metrum frá sjálfri brúninni, og liður auðvitað hálf kjánalega með útrétta farsimahöndina að reyna að smella af ofan í hafið sjálft—en ráða engan veginn við yfirþyrmandi ottann við hrapa og verða að beinahrúgu í fjórugrjótnu.

### Hetjur og rolur

Við svona aðstæður kemur þó gjarnan í ljós að fólk er mishrætt. Sumir eru svo logandi hræddir að þeir halda sig í tíu metra fjarlægð frá brúninni—svo langt að jafnvel heimsmeðhafinn í langstökki, geti ekki með góðri upphitun og löngu tilhlaupi náð að stökkva út í sjó. Aðrir þora miklu nær og finnst jafnvel ekkert tiltökumál að halla höfðinu í áttina að bjargbrúninni; og gera þannig lofthræddari ferðafélaga sína frávíta af hræðslu, þannig að mesta hættan verður skyndilega sú að hinum hugumstóra bregði svo illþyrmilega í brún við varnaðaróp ferðafélaganna að hann missi stjórn á sér, hrasi um þúfu, misstigi sig og endasteypist ofan í hafið. Þá geta hinir lofthræddu að minnsta kosti huggað sig við það, þegar göngufélaginn er syrgður, að hafa varað við hættunni.

### Meðfæddir eiginleikar

Oftast nýtur lofthrætt fólk ágæts skilnings og þeir sem eiga auðveldara með hæðirnar reyna frekar að hjálpa en stríða. Það er óskrifadur sáttmáli í samfélaginu að fólk geti óskaplega litið ráðið við lofthræðsluna og því sé það hlutverk hinna að reyna að koma í veg fyrir að fólk lendi í óþægilegum aðstæðum, styðja við, leiða og hafa uppi huggandi orð.

Sjálfur er ég nokkuð lofthræddur þótt það hamli mér alls ekki í daglegu lífi. Vissulega er ég heldur ósjálfbjarga á Hornbjargi, en ég get tekið rúllustigann í Krínglunni án þess að halda dauðahaldi í handriði. Ég get því verið nokkuð sáttur við mitt hlutskipti þótt það gæti verið erftitt fyrir mig að fara í mjög æsilegar háfjallaferðir.

### Áunnir kostir

Þetta var að minnsta kosti það sem ég reyndi að útskýra um daginn í samtali við eina af þessum hugdörfu hetjum sem allt geta og óttast hvorki sár né bana. Umhræðan snerist um gönguleið nálægt Hornbjargi á Hornströndum, þar sem gengið er að Hælavíkurbjargi. Gönguleiðin liggur í brattri hlið og yfir þröng einstigi með þverhnjúpi til beggja handa. Það getur auðvitað reynst taugatrekjiandi að fara slíka ferð og umræðan og lýsingarnar nægja til þess að ég fari að vaggja örliðið í sporinu og vilji helst styðja mig við gólfastan hlut.

„Þetta myndi ég aldrei geta, ég er nú kannski ekki sjúklega lofthræddur en ég er alltof lofthræddur fyrir svona,“ sagði ég við manninn.



## Vissulega er ég heldur ósjálfbjarga á Hornbjargi, en ég get tekið rúllustigann í Krínglunni án þess að halda dauðahaldi í handriði.

„Svo lýsti hann því hvernig maður ætti að bera sig að, þannig að sá lofthræddi haldi í höndina á einhverjum og fíki sig í stuttum skrefum nær brúninni, og aftur til baka—ögn lengra og ögn lengur í hvert skipti, rólega og itrekað þangað til hann fær þá tilfinningu að það sé hægt að ráða við aðstæðurnar og óttann.“

Hann gaf ekki mikið fyrir þá fullvissu mína að lofthræðsla væri einfaldlega skömmtuð í erfðaefnum okkar eins og kyn, hárlitur, augnlitur og lögum nef og eyrna.

Hann gaf ekki mikið fyrir þá fullvissu mína að lofthræðsla væri einfaldlega skömmtuð í erfðaefnum okkar eins og kyn, hárlitur, augnlitur og lögum nef og eyrna.

### Mögulegt en ekki auðvelt

Þessi ágeti maður sagði aldrei að það væri auðvelt að venja sig við brattann og háu klifin. Viðmælandi minn sagði ekki að það væri þægi-

legt fyrir lofthræddan mann að teygja hausinn yfir bjarg. Hann sagði heldur ekki að þetta væri ekkert mál—og sist af öllu reyndi hann að gefa í skyn að ég væri grey en hann væri einhvers konar hetja. Málið var ekki flóknara en svo að sá sem venur sig við að vera í háum fjöllum verður smám saman rólegur í þeim aðstæðum; en sá sem er óvanur brattanum er að sjálfsöfgu hræddur við aðstæður sem hann veit ekki hvort hann getur treyst sér í.

### Að skapa sjálfan sig

En hvað þá með frumbyggjana í Ameríku, sem manni hefur alltaf verið sagt að hafi ekki þjáðst af lofthræðslu. Sannar það ekki að við ráðum litlu um hvort við erum lofthrædd?

Nei, það er víst aldeilis ekki. Frumbyggjarnir í háhýsunum í New York voru vist alveg jafnhræddir og allir aðrir. Þeir voru margir bara vanari því að horfa niður kletta og álitu það þar að auki skammarlegt að láta ótta stjórna hegðun sinni.

Við erum vissulega sköpuð hvert á sinn hátt, og sumt reynist manni auðvelt án æfingar, en annað virðist óyfirstigánlegt jafnvel með mikilli fyrirhöfn. Einfaldast og þægilegast er að líta svo á að maður sé nú bara skapaður eins og maður er, en það er líka hægt að vera ögn hugrakkari og þora að leggja á sig þau óþægindi sem þarf til að skapa sig sjálfur. Og stundum er það einmitt það sem þarf svo hægt sé að taka þátt í ævintrum lífsins og njóta feðurar þess.



# Straumhvörf

## Audi A3 e-tron sameinar tvo heima

- ▶ 17" álfelgur ▶ Bakkmyndavél
- ▶ Dökkar rúður ▶ Málm/glitlakk
- ▶ Nálgunarvörn framan og aftan
- ▶ MMI útvarp ▶ Bluetooth símatenging
- ▶ Bluetooth tenging fyrir tónlist
- ▶ Dynamic stefnuljós ▶ LED afturljós
- ▶ Fjarstýrðar samlæsingar
- ▶ Lyklalaust aðgengi
- ▶ Tenging fyrir USB og Iphone
- ▶ Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- ▶ Hæðarstillanleg framsæti
- ▶ Skriðstillir (Cruise control)
- ▶ Ljós- og regnskynjari
- ▶ Skynjari fyrir loftþrýsting í hjólbörðum
- ▶ Baksýnispegill með glyjuvörn
- ▶ Rafdrifnir upphitaðir og aðfellanlegir útspeglar
- ▶ Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- ▶ Leðurklætt aðgerðastýri ▶ Hiti í framsætum
- ▶ ABS bremsukerfi ▶ ESP stöðugleikastýring
- ▶ Árekstrarvörn (pre sense)

Listaverð 4.560.000 kr.

**Tilboðsverð 4.090.000 kr.**

5 ára ábyrgð

**Til afhendingar strax**




HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is





## SYKURLAUST!



### Zevia gos

Sykurlaust, sætt með stevíu

**239** kr/stk

Tilboð gjalda úr 26. ágúst



### Sírius Rúbínsúkkulaði

Fagurbleikt og ómótstæðilegt

**699** kr/pk



### Herra hnetusmjör

Hnetusmjör með hunangi

**559** kr/stk

ITALIA



### Ítalía pasta og pestó

Pegar gera á besta pastaréttinn

verð frá **349** kr/stk



### Chosen Foods Mayo

Framleitt úr avocado olíu sem gerir bragðið einstakt og gott



### Alpha Food Burrito

Chick'n Fajita, Mexicali & Philly sandwich

**499** kr/stk



### Risarækjur

Hráar og fullleðaðar

verð frá **979** kr/pk



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni



# Meira girnilegt



Nauta ribeye

**3.799** kr/kg  
Verð áður 4.999 kr/kg



Bernaisesós Hagkaups

Benni #1 og Benni #2 chili

**429** kr/stk



**15%**  
afsláttur

Úrbeinuð kjúklingalæri

**2.039** kr/kg  
Verð áður 2.399 kr/kg



**15%**  
afsláttur

Kjúklingalundir

**2.039** kr/kg  
Verð áður 2.399 kr/kg



**30%**  
afsláttur

Lamba innralæri

**3.149** kr/kg  
Verð áður 4.499 kr/kg

## HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga

# Undanþágan sem Höllin er á fellur úr gildi á endanum

Færeyingar fá ekki að spila heimaleiki sína í undankeppni EM 2020 í handbolta í íþróttahöllinni á Hálsi því hún stent ekki kröfur EHF. Laugardalshöllin hefur verið á undanþágu í mörg ár og framkvæmdastjóri HSÍ segir að hún falli úr gildi á endanum. Íslendingar þurfa nýja keppnishöll en lítið hefur gerst í þeim málum.

**HANDBOLTI** Evrópska handknattleikssambandið (EHF) hefur fellt úr gildi undanþágu sem gerði Færeyingum kleift að spila keppnisleiki sína í íþróttahöllinni á Hálsi í Þórs-höfn. Færeyjar mæta Danmörku í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2020 karla í lok október og fer leikurinn fram á heimavelli danska úrvalsdeildarliðsins Skjern. Höllin á Hálsi uppfyllir ekki lágmarkskröfur EHF um fjölda áhorfenda. Í höllinni komast 1.800 manns fyrir í sæti en EHF gerir kröfur um 2.000 sæti.

Laugardalshöllin hefur verið á undanþágu í mörg ár, bæði frá EHF og FIBA, Alþjóða körfuknattleikssambandinu. Höllin var vígð 1965 og er meðal þeirra elstu í Evrópu.

Róbert Geir Gislon, framkvæmdastjóri HSÍ, hefur ekki áhyggjur af því að EHF fellir undanþágu Íslands úr gildi í undankeppni EM 2020 en það mun gerast á endanum, fái Íslendingar ekki nýja keppnishöll. Kröfur frá EHF séu alltaf að aukast og sambandið sé byrjað að gripa til aðgerða, eins og í tilfelli Færeyinga.

„Eftir að hafa rætt við EHF tel ég að við fáum undanþágu til að spila heimaleikina í næstu undankeppni í Laugardalshöll. Við erum nánast öruggir með það. Hins vegar er ljóst að við erum á undanþágu og eðli þeirra er að einhvern tímann verða þær felldar úr gildi.“ sagði Róbert í samtali við Fréttablaðið.



Laugardalshöllin var vígð fyrir 53 árum. Langt er síðan hún hætti að uppfylla þær kröfur sem EHF gerir til keppnishalla.

„EHF mun jafnvel auka kröfurnar og því verður alltaf erfiðara fyrir okkur að uppfylla þær. Við getum ekki breytt Laugardalshöllinni. Þetta er rúmlega 50 ára gamalt hús og barn síns tíma. Undanþágan sem við erum á snýr aðallega að grunn-gólfletinum og þrængslunum í kringum völlinn. Það er stutt út í veggina, engin vinnuáætlaða fyrir fjölmörgu og sjónvarp og á endanum, með auknum kröfum, tel ég hættu á að undanþágan detti út.“

Þrátt fyrir ástandið liggur ekkert fyrir hvenær, eða hvort, ný keppnishöll, sem uppfyllir alla staðla EHF og FIBA, verður reist. Þau mál þokast áfram á hraða snigilsins.

„Við höfum óskað eftir viðræðum við ríki og borg um nýjan þjóðar-leikvang en ekki fengist mikil viðbrögð. Í vor stóð til að stofna samráðshóp ríkis, borgar, HSÍ og KÍ en það hefur ekki verið skipað í hann enn.“ sagði Róbert.

Ný keppnishöll myndi líka leysa

vandamál landsliðanna þegar kemur að æfingatímum. Í dag eru þau komin upp á náð og miskunn aðildarfélaganna hvort þau séu tilbúin að hýsa landsliðsæfingar.

„Ákjósanlegast væri ef nýja höllin yrði líka æfingahöll. Oft á tíðum erum við að æfa hingað og þangað um bæinn. Það er ekki kjörstaða fyrir lið sem eru að berjast um að ná árangri á stórmótum.“ sagði Róbert að lokum.

ingvithor@frettabladid.is

## Nýjast

### Inkasso-deild karla

**Þór - Magni 1-1**

1-0 Ignacio Gil Echevarria (69.), 1-1 Ólafur Aron Pétursson (90.).

**Njarðvík - ÍR 1-1**

1-0 Kenneth Hogg (30.), 1-1 Björgvin Stefán Pétursson (90+2.).

**Haukar - Fram 2-1**

0-1 Guðmundur Magnússon (29.), 1-1 Arnar Aðalgeirsson (39.), 2-1 Davíð Sigurðsson (60.).

### Inkasso-deild kvenna

**ÍA - Fylkir 2-0**

1-0 Maren Leósdóttir (4.), 2-0 Unnur Ýr Haraldsdóttir (90.).

**Þróttur R. - Afture./Fram 2-0**

## Danero og Collin valdir í æfingahópinn

**KÖRFUBOLTI** Danero Thomas, leikmaður Tindastóls, og Collin Pryor, leikmaður Stjörnnunar, sem fengu íslenskan ríkisborgararétt í sumar, voru valdir í æfingahóp íslenska körfuboltalandsliðsins. Auk þeirra eru tveir aðrir leikmenn sem hafa ekki leikið A-landsleik í æfingahópnum; Emil Barja og Kristján Leifur Sverrisson.

Ísland mætir Noregi í tveimur vináttulandsleikjum í byrjun septem-ber. Þann sextánda sama mánaðar mætir Ísland Portúgal í fyrsta leik sínum í forkeppni EM 2021.

Pavel Ermolinskij gaf ekki kost á sér í landsliðið að þessa sinni og þá er Sigtryggur Arnar Þjórnsson að ná sér af meiðslum. Jón Axel Guðmundsson og Breki Gylfason eiga ekki heimangengt. Hóþinn í heild sinni má sjá á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is. – íps

## Vilt þú sitja ASÍ þing fyrir VR?

VR óskar eftir frambjóðendum meðal félagsmanna á framboðslista stjórnar og trúnaðarráðs félagsins í kosningunum.

Ákveðið hefur verið að viðhafa listakosningu með allsherjar- atkvæðagreiðslu um þingfulltrúa VR á þing Alþýðusambands Íslands dagana 24.–26. október næstkomandi.

Ef þú vilt gefa kost á þér á listann sem þingfulltrúi VR á þinginu vinsamlega sendu tölvupóst á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is) fyrir kl. 12.00 á hádegi þann 29. ágúst næstkomandi með upplýsingum um nafn og kennitölu.

Þar sem fjöldi er takmarkaður er ekki hægt að lofa að allir sem bjóða sig fram muni hljóta sæti á listanum. Einnig verður stillt upp lista varamanna sem oftar en ekki þarf að gripa til þar sem algengt er að fólk helstist úr lestinni er nær dregur.

**VR**

## Hamrén tilkynnir fyrsta landsliðshópinn sinn

**FÓTBOLTI** Erik Hamrén, nýr þjálfari íslenska karlalandsliðsins í fótbolta, tilkynnir sinn fyrsta landsliðshóp á blaðamannafundi í dag. Fram undan eru leikur við Sviss og Belgíu í Þjóðadeild UEFA 8. og 11. september næstkomandi.

Ekkí liggur fyrir hvort fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson verður með í leikjunum tveimur. Hann hefur misst af fyrstu tveimur leikjum Cardiff City í ensku úrvalsdeildinni vegna meiðsla. Þá er eiginkona hans, Kristbjörg Jónasdóttir, ólétt og von er á barninu í byrjun næsta mánaðar. Aron Einar missti af fæðingu frumburðar þeirra fyrir þremur árum þegar hann var í Kasakstan með landsliðinu. Hann hefur sagt að hann ætli ekki að missa af fæðingu annars barns þeirra hjóna.

Daginn eftir að Ísland lauk þátttöku á HM í Rússlandi tilkynnti Ragnar Sigurðsson að hann hefði lagt landsliðsskóna á hilluna. Þegar Hamrén var kynntur

til leiks sem nýr landsliðsþjálfari fyrr í mánuðinum sagðist hann ætla að reyna að telja Ragnari hughvarf og fá miðvörðinn til að hætta við að hætta í landsliðinu.

Félagi Ragnars í miðri íslensku vörnninni á síðustu árum, Kári Árnason, hefur einnig gefið það í skyn að hann hafi leikið sinn síðasta landsleik. Íslenska vörnin gæti því verið nokkuð breytt í leikjunum gegn Sviss og Belgíu.

Íslenska liðið mætir heimsmeisturum Frakklands í vináttulandsleik 11. október og fjórum dögum síðar tekur það á móti Sviss í Þjóðadeildinni. Fimmtánda nóvember mætir Ísland svo Belgíu í síðasta leik sínum í riðli 2 í Þjóðadeildinni. – íps

**Erik Hamrén**  
opinberar landsliðshópin í dag.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
ÞÓRSTEINN





# LEÓ

FÖSTUDAGUR 24. ÁGÚST 2018

Lífstíll

## Sjúkur í súkkulaði

Arnar Grant, einn þekktasti einkaþjálfari landsins, vakti ómælda athygli í þáttunum Allir geta dansað sem sýndir voru á Stöð 2 í vetur. Hann þótti einna sístur til afreka en sýndi ómælda þrautseigju sem landaði honum sæti í úrslitapættinum. Þessi einbeiting og seigla er einkennandi fyrir allt sem Arnar tekur sér fyrir hendur.

→2



MYND/ERNIR

### SIERRA BORDSTOFUSTÓLAR

kr. 19.900



LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Sólveig  
Gísladóttir  
solveig@frettabladid.is



Arnar kann að meta gott kaffi og því hittumst við á Kaffitári til að spjalla yfir rjúkandi bolla og ærlegum morgunmat. „Mataræði er mjög mikilvægt og ég legg áherslu á að hafa það fjölbreytt og í hæfilegum skömmtum. Einhæft fæði er ekki gott og ég er ekki mikið fyrir að taka út einhverja fæðuflokk, maður fær eitthvað gott úr öllu,“ segir hann. En er ekkert bannað? „Nei, en maður verður að læra inn á sjálfan sig og hvernig líkaminn vinnur úr matnum. Flestir þola vel sykurlíkur og lenda illa í því,“ segir hann og bætir við að sjálfur sé hann sjúkur í súkkulaði. Og hvernig fer hann að því að hemja sig? „Ég geri það bara ekki,“ svarar hann og hlær en bætir við að þó sé allt best í hófi.

**Hestamaður að atvinnu**

Arnar hefur tekið sér ýmislegt fyrir hendur í gegnum lífið og sókkvir sér ávallt djúpt í hvert verkefni meðan það stendur yfir. Hann var til dæmis mikill hestamaður og starfaði við hestamennsku um hríð. „Ég ólst upp á hestbaki og keppti með hestamannafélaginu Léttu á Akureyri en þar er ég fæddur og uppalinn,“ segir Arnar sem þótti gott að umgangast dýrin. „Maður lærir mikið af þeim. Það þarf mikið næmi til að þjálfa hesta því engir tveir eru eins og öll samskipti milli manns og hests ganga út á líkamstjáníngu og næmi mannsins á persónuleika hestsins,“ lýsir Arnar sem flutti til Austurríkis árið 1994, þá 21 árs, til að vinna við þjálfun hesta en hann keppti meðal annars með austurríska landsliðinu. Hann hætti alfarið í hestamennsku um aldamótin. „Ég er dálítið þannig að ég sókkvi mér í einn hlut, klára



Arnar og eiginkona hans, Kristin Hrönn Guðmundsdóttir, og börnin þeirra, Arna Kristin að verða sex ára og Ásgeir Örn Þrígga ára. MYND:ERNIR

hann og svo er það búið,“ segir hann glettinn en hann sneri heim frá Austurríki árið 1998 til að klára smíðanám við Verkmenntaskólann á Akureyri. Bærinn var heldur rölegur fyrir Arnar sem hafði vikkað sjóndeildarhring sinn í útlandinu og því flutti hann að námi loknu til Reykjavíkur og var fljótlega kominn á kaf í líkamsræktina.

**Æfði þrettán sinnum í viku**

Líkamsræktaráhuginn hefur alltaf blundað í Arnari. „Ég byrjaði fimmtán ára gamall hjá Sigga Gestis í ræktinni á Akureyri. Það var mjög lærdómsríkt því hann var frumkvöðull í líkamsrækt á Íslandi og var mikið að keppa í vaxtarækt. Hjá honum lærði ég líkamsræktina frá á til ó sem gaf mér góðan grunn enda varð hróð þróun í líkamsrækt næstu árin.“

Þegar Arnar flutti til Reykjavíkur starfaði hann stutlega við smíðar en byrjaði samhliða að keppa í fitness með göðum árangri. „Svo náði ég mér í þjálfararéttindi, byrjaði að þjálfa í WorldClass um áramótin 2001 og hef verið þar síðan.“

Inntur eftir því hvað hann æfi mikið sjálfur segir hann það smámunni miðað við það sem mest var. „Meðan ég var að keppa var ég að æfa allt að þrettán sinnum í viku og hver æfing upp í tvo tíma. Núna held ég mér við með því að æfa með viðskiptavinum mínum.“

**Gerir grín að staminu**

Arnar og útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson eru góðir vinir en þeir reka í samstarfi við aðra fyrirtæki sem framleiðir próteindrykki og næringarstyrkki undir nafninu Hámark og Kraftur. „Í janúar verðum við búnir að vera á markaði í tíu ár og þetta gengur mjög vel,“ upplýsir hann.

Þeir félagar gerðu skemmtilegar auglýsingar fyrir nokkrum árum sem voru uppfullar af húmor. „Við vildum ná til höps sem ekki er að hugsa um heilsuna. Sá hópur hefur ekkert gaman af að lesa heilsugreinar eða lesa heilsuauklýsingar. Þess vegna náguðumst við þennan hóp með húmor enda eigum við hann öll sameiginlegan.“

Ein auglýsingin byggði á kvikmyndinni King's speech sem fjallar um málhelti Georgs Bretakonungs og samband hans við talþjálfara sinn. Í auglýsingunni er Arnar í hlutverki konungsins sem á vel við enda hefur hann lengi strítt við stam sem háir honum að einhverju leyti enn. „Þetta er kvíllur sem

ég vinn með og ég þarf alltaf að halda mér við. Ég er með talþjálfara, Jóhönnu Einarsdóttur, sem hefur hjálpað mér mikið og hefur aðhald á mér. Ég þarf alltaf að æfa mig og finn mikinn mun á mér eftir því hvort ég æfi mig lítið eða mikið.“

**Börnin í fyrsta sæti**

Arnar á fjögur börn. „Þau eru það sem lífið snýst um,“ segir hann en elsti drengurinn hans, Ísak Máni, er tvtugur og býr á Akureyri. Hrafnkatla Sól, ellefu ára, býr í London og tvö yngstu börnin, Örmu Kristínu að verða sex ára og Ásgeir Örn, þrígga ára, á Arnar með eiginkonu sinni, Kristínu Hrönn Guðmundsdóttur, fimur ára stelpu og þrígga ára strák. Það er því fjór á heimilinu. „Við fjölskyldan erum alltaf saman og hlupum til dæmis í skemmtiskokkinu í Reykjavíkumraboninu um síðustu helgi,“ segir Arnar og er glaður yfir því hvað yngstu börnin eru virk. „Það heldur manni í formi að hlaupa á eftir þeim. En ég er þakklátur fyrir að þau skuli vera svona aktiv því þeir sem eru aktivir sjá yfirleitt meira af heiminum.“

Þau Kristín kynntust sumarið 2010 og giftu sig fjórum árum síðar. Með tvö litil börn er oft litill fritími fyrir þau að eiga gæðastundir en Arnar segir þau hjónin spila mikið

golf saman. „Tengdaforeldrarir spila líka golf og hafa því mikinn skilning á því að við faum tíma til að spila og passa börnin á meðan.“

**Klunnalegur og stífur**

Arnar vakti athygli í þáttunum Allir geta dansað sem sýndir voru á Stöð 2 síðastliðin vetur. Þar

Arnar og Lilja Guðmundsdóttir stóðu sig vel í þáttunum Allir geta dansað.

sýndi hann að gera megi kraftaverk með þrotlausri þjálfun. „Mig hefur alltaf langað til að kunna að dansa og þarna fékk ég tækifæri til að kafa djúpt í dansinn með aðstoð atvinnudansara, það var ekki hægt að segja nei við því.“

Hann segir upplifunina bæði hafa verið skemmtilegri og erfiðari en hann bjóst við. „Það var flókið að muna öll sporin á svona stuttum tíma. Við fengum bara viku til að semja og æfa nýjan dans,“ segir Arnar sem dansaði við Lilju Guðmundsdóttur en þau náðu vel saman. „Ég held að við séum svipaðir þjálfarar, hún er mjög nákvæm og veit mikið, rosalega hugmyndaþrik og góður danshöfundur. Það var mikill agi á æfingum, við vorum alltaf mætt á mínúttunni. Enda sáum við strax eftir fyrsta þátt að við yrjuðum ekki á sama stað og aðrir enda var ég bæði klunnalegur og stífur. Við þurftum því að halda vel á spöðunum til að haldaðast inni í þáttunum,“ segir Arnar. Hann telur sig hafa lært margt á þessum vikum. „Ég lærði til dæmis mikið um hreyfifærni og takt,“ segir Arnar sem hefur þó ekki stigið dans frá lokum þáttanna. „Mig langar að dansa meira. Við Kristín höfum rætt það litillega að dansa saman en verðum að sjá hvaða tíma við höfum.“

**Kraftur í Bergþóri**

Keppendur og þjálfarar þáttanna náðu vel saman. „Við vorum mikið saman og urðum nánari eftir því sem leið á þættina. Þetta var frábær hópur þó við værum öll ólík,“ segir Arnar sem í kjölfar þáttanna fór að þjálfa mótherja sinn Bergþór Pálsson. „Það er gaman að vinna með Bergþóri því hann hefur rosalegan kraft í sér til að verða betri og njóta lífsins líka. Bergþór er einstakur persónuleiki sem gefur gríðarlega mikið af sér. Þegar hann kom fyrst í þættina var hann allur ómögulegur og með tak í bakinu. Hann hefur aldrei lítið betur út en hann gerir í dag.“

**Alltaf í frii**

Arnar er nú staddur í Téklandi þar sem hann þjálfa á heilsuótteli í Karlovy Vary. „Ég fer annað slagíð út að þjálfa,“ segir Arnar og blaðamanni leikur forvitni á að vita hvort hann nýti þetta líka sem fri fyrir sjálfan sig. „Mér finnst ég nú bara alltaf vera í frii. Ég mæti bara, hitti metnaðarfullt og skemmtilegt fólk, leiðbeini og ráðlegg sem ég elska að gera. Ég lit eiginlega ekki á þjálfunina sem vinnu heldur áhugamála.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefubúnaði ristjónarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 512 5351 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | Sigurður Inga Sigurðardóttir, sigurduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordis@frettabladid.is, s. 512 5338

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, 365 miðlar Elmar Hallgrímsson, Hallgrímsson Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429.

**REGNKÁPUR**



Kr. 16.900.-  
Vatnsheldar, vindheldar, fóðraðar  
Str. S-XXL  
Litir: Dökkblátt, grænt



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030





# Heilsurækt

FÖSTUDAGUR 24. ÁGÚST 2018

Kynningar: Heilsuborg, Sóltún, Hilton Reykjavík Spa, Heilsa, KeyNatura, MS, Núvitundarsetur



Hér má sjá Helgu Margréti Clarke nota líkamsgreiningartæki Heilsuborgar sem sýnir margt sem lýtur að heilsufari líkamans og hvernig ástand hans batnar með ástundun bættis lífsstíls. MYND/ERNIR

## Nóg komið af skyndilausnum

Heilsulausnir eru langvinsælasta námskeið Heilsuborgar. Þar er tekið á þáttum sem hafa mest áhrif á heilsufar okkar og velliðan. Um fjögur þúsund manns hafa eignast nýtt líf hjá Heilsulausnum. ➔2



Bárá Sigurbjörg Ólafsdóttir er fagstjóri hreyfingar hjá Heilsuborg, Helga Margrét Clarke er fagstjóri lífsstíls og næringar og Erla Gerður Sveinsdóttir er yfirlæknir Heilsuborgar. MYNDR/ERNIR

#### Framhald af forsiðu →

Heilsulausnir eru víðamesta og langvinsælasta námskeið Heilsuborgar frá upphafi. Þar er tekið á þeim þáttum sem mestu ráða um heilsu okkar og vellíðan,“ segir Erla Gerður Sveinsdóttir, yfirlæknir Heilsuborgar.

Heilsulausnir eru tólf mánaða námskeið og þegar hafa hátt í fjögur þúsund manns tekið þátt með góðum árangri.

„Okkar reynsla er að það taki tíma að tileinka sér lífsstílsbreytingar og festa þær í sessi,“ upplýsir Erla. „Margir sem hingað koma hafa fengið sig fullsadda á skyndilausnum af ýmsu tagi og eru tilbúnir að stiga þetta skref með okkur. Við vitum svo vel að fólk er ólíkt og að það sama hentar ekki öllum. Þess vegna leggjum við fólk til margvísleg tól og aðferðir til að ná þeim markmiðum sem hver og einn setur sér í upphafi.“

#### Hreyfing er öllum nauðsynleg

Hluti af Heilsulausnum er hreyfing þrisvar í viku.

„Við leggjum áherslu á að þjálfar þol og styrk með fjölbreyttum æfingum,“ segir Bárá Sigurbjörg Ólafsdóttir, fagstjóri hreyfingar. „Hverjum þátttakanda er mætt á hans eigin forsendum og æfingarnar sníðnar eftir getu. Markmiðin eru enda ólík. Sumir stefna á að komast upp Ejsjuna á meðan aðrir stefna á að vera þökkalega verkjalausir,“ segir Bárá um fjölbreyttan hóp þátttakanda í Heilsulausnum sem allir eiga það sameiginlegt að vilja breyta um lífsstíl.

„Við viljum bygga upp vöðvana

Þegar vöðvar styrkjast fer fólk að finna breytingar og nokkur kíló fjúka gjarnan með, jafnvel mörg.



Bárá Sigurbjörg Ólafsdóttir

Umhyggja fyrir viðskiptavinum Heilsuborgar er okkur efst í huga.



Helga Margrét Clarke

Margir sem koma hingað hafa fengið sig fullsadda af skyndilausnum af ýmsu tagi og eru tilbúnir að stiga þetta skref með okkur.



Erla Gerður Sveinsdóttir

## Sjáðu hvað er innifalið í Heilsulausnum

- Þjálfun í hóp undir leiðsögn íþróttafraeðings þrisvar í viku.
- 20 mínútna upphafsviðtal hjá hjúkrunarfræðingi.
- 20 mínútna upphafsviðtal hjá íþróttafraeðingi.
- Reglulegar mælingar á líkamssamsetningu.
- Einstaklingsbundnar ráðleggingar hjúkrunarfræðings.
- Fjölbreytt fræðsla og umræður á

- tveggja vikna fresti.
- Fræðsla um þyngdarstjórnun og næringu.
- Fræðsla um andlega líðan, sjálfsmynd, streitu og svefn.
- Skoðun áhættuþátta heilsunnar og ráðleggingar.
- Heilræði um matseld, uppskriftir og smakk.
- Hvatning og hugmyndir um hentuga hreyfingu.

- Opnir mælingatimar og reglulegir simatimar hjá hjúkrunarfræðingi.
- Myndbönd og pistlar.
- Stuðningur í lokuðum hóp á Facebook.
- Sidekick-heilsuforritið, kennsla og stuðningur.
- Aðgangur að líkamsræktinni, opnum tímum og opnum fyrirlesturum Heilsuborgar.

á heilbrigðan hátt og án allra ófga. Öll erum við misjöfn en eigum það sameiginlegt að þegar vöðvarnir styrkjast fer fólk að finna breytingar og nokkur kíló fjúka gjarnan með, jafnvel mörg. Fólk verður léttara á sér og athafnir daglegs lífs verða auðveldari,“ segir Bárá.

„Samhlíða hreyfingu þarf að huga vel að mataræðinu og þá sérstaklega prótínrikum mat. Góður svefn og hugarró er einnig lykill að því að þú líst smelli saman og vel takist til.“

#### Að læra að elda og borða upp á nýtt

Næring og mataræði er í öndvegi Heilsulausna enda sýnir reynslan að margir sem koma á námskeiðið vilji gera þar breytingar.

„Við kynnum til leiks gómsætan, bráðhollan og girnilegan mat, leyfum fólk að smakka alls kyns nýjungar og gefum uppskriftir,“ segir Erla yfirlæknir. „Okkur til halds og trausts er Sólveig Sigurðardóttir, sem heldur úti blogginu Lífsstíll Sólveigar. Hún fór sjálf

í gegnum Heilsulausnir fyrir nokkrum árum og öðlaðist nýtt líf. Margir verða svo forviða þegar þeir byrja í Heilsulausnum og komast að því að við hvetjum fólk til að borða vel og njóta þess.“

#### Persónulegur stuðningur

Á fyrstu vikum námskeiðsins fara fram einstaklingsviðtöl við hjúkrunarfræðing og íþróttafraeðing sem fylgja einstaklingunum eftir í gegnum námskeiðið.

„Umhyggja fyrir viðskiptavinum

Heilsuborgar er okkur efst í huga,“ segir Helga Margrét Clarke, fagstjóri lífsstíls og næringar. „Hjúkrunarfræðingar okkar bjóða bæði simatíma og opna mælingatíma, og því hafa þátttakendur góðan aðgang að fagfólki Heilsuborgar.“

#### Að fylgjast með árangrinum

Í Heilsulausnum eru gerðar reglulegar mælingar með sérstöku líkamsgreiningartæki.

„Í upphafi eru margir að spá í kílóin en ekki hvað nákvæmlega felst í þeim kílóum,“ segir Helga, en við þá skoðun kemur líkamsgreiningartækið að góðum notum.

„Líkamsgreiningartækið mælir fjölmarga þætti sem sýna heilbrigði líkamans og samsetningu hans, til dæmis innri kvíðfitu, sem er hættuleg heilsunni og best að losna við. Við skoðum líka vöðvamassa, grunnbrennslu og margt fleira. Með reglulegum mælingum er svo hægt að fylgjast með því hvernig líkaminn verður heilbrigðari – og ef fólk nær ekki þeim árangri sem það hafði vænst getur það sótt sér heilræði og stuðning til að greina vandann og bæta árangurinn,“ útskýrir Helga.

Í Heilsulausnum er einnig notast við Sidekick-heilsuappið sem gagnast mörgum vel á námskeiðinu. „Sidekick er nýtt til þess að þátttakendur geti fylgst með eigin árangri, tekið áskorunum og haldið utan um verkefni, svo fátt eitt sé nefnt.“

Kynningarfundur um Heilsulausnir verður haldinn í Heilsuborg, Bíldshöfða 9, miðvikudaginn 29. september kl. 17.30. Fundurinn er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir. Sjá nánar á heilsuborg.is.



# VERTU Í GÓÐU STANDI MEÐ FLEXOR

Flexor býður upp á göngugreiningu og gott úrval af hlífum frá DeRoyal.

- ÖKKLAHLÍFAR
- KÁLFAHLÍFAR
- HNÉHLÍFAR
- HNÉSPÉLKUR
- HITA- OG STUÐNINGSHLÍFAR
- OLNBOGAHLÍFAR
- ÚLNLIÐSSPÉLKUR
- ÚLNLIÐSBÖND
- AXLAHLÍFAR
- NÁRABUXUR
- HITABELTI
- BAKBELTI
- KVIÐBELTI

Starfsfólk Flexor veitir þér ráðgjöf um val á hlífum og skóm sem henta þér.

Flexor býður upp á gott úrval af Asics og Nike hlaupaskóm, Scarpa gönguskóm og skóm fyrir alla fjölskylduna í leik og starfi. Kíktu til okkar og skoðaðu úrvalið.

**FLEXOR**  
NÆSTA SKREF

OPIÐ MÁN.-FÖS. FRÁ KL. 9.00-17.30.

Bildshöfða 9 / 110 Reykjavík / S. 517 3900 / [www.flexor.is](http://www.flexor.is)

Göngugreining Flexor  
getur skipt sköpum um  
líðan þína í framtíðinni.

Pantaðu tíma í síma  
**517 3900**

## KOMDU Í FLEXOR- KLÚBBINN!

AFSLÁTTARKLÚBBUR SEM FÆRIR ÞÉR GÓÐ KJÖR

Sem meðlimur í Flexor-klúbbnum færðu:

- × 15% afslátt af innleggjum
- × 15% afslátt af hlífum
- × 15% afslátt af öllum skóm
- × 15% afslátt af göngugreiningu

SKRÁÐU ÞIG Á [WWW.FLEXOR.IS](http://WWW.FLEXOR.IS)

**FLEXOR**  
KLÚBBURINN

 Fylgstu með okkur á Facebook!

# Skemmtileg hreyfing og góður æfingafélagi lykilatriði

Hafrún Kristjánsdóttir íþrótta-sálfræðingur gefur góð ráð um hvernig best er að koma sér af stað í reglulegri hreyfingu sem eins og allir vita skilar betri heilsu og léttari lund.

Brynhildur Björnsdóttir  
brynhildur@frettabladid.is



Fyrst og fremst er mikilvægt að setja sér markmið sem eru til langtíma en brotin niður í skammtimarkmið," segir Hafrún, sem er sviðsstjóri íþróttafræðisviðs hjá Háskólanum í Reykjavík. „Og svo er lykilatriði að finna hreyfingu sem þér finnst skemmtileg, það endist enginn í einhverju sem viðkomandi finnst leiðinlegt. Og svo er aðalmálið að fara bara hægt að af stað. Það gefast allir upp ef þeir ætla að byrja á því að fara fimm sinnum í viku.“ Hún bendir enn fremur á að rannsóknir sýni að ef fólk heldur sér lengur en níu mánuði í hreyfingu margfaldist líkurnar á því að gera hreyfingu að lífsstíl. „Svo fjögurra vikna námskeið eru ekki að gera gagn heldur þarf að halda út í níu mánuði og þá ertu líklegri til að halda þér við efnið.“

Þá er mikilvægt að mati Hafrúnar að eiga sér æfingafélaga. „Það gefur augaleið að þú ert líklegri til að drífa þig á fætur eða í hlaupaskóna eftir vinnu ef það er einhver að biða eftir þér, getur skipt sköpum um hvort þú sleppir æfingunni eða ekki. Æfingafélaginn gerir þetta skemmtilegra, það er að segja ef hann er skemmtilegur. Það skiptir því máli að velja æfingafélagann vel



Hafrún Kristjánsdóttir íþrótta-sálfræðingur segir að vænlegast sé að markmið snúist um ástundun frekar en árangur. MYND: SIGTRYGGUR ARI

„Það gefur auga leið að þú ert líklegri til að drífa þig á fætur eða í hlaupaskóna eftir vinnu ef það er einhver að biða eftir þér, getur skipt sköpum um hvort þú sleppir æfingunni eða ekki.“

og til dæmis er það að æfa saman kjörið fyrir vini sem finnst þeir ekki ná að hittast nógu oft.

Annað sem hún nefnir er að láta æfingarnar passa inn í lífið, og betra að velja þá að labba tíu sinnum upp stigann í vinnunni á hverjum degi í hádegisnu frekar en að fara í göngutúr á kvöldin svo dæmi séu tekin. Svo eru það gömlur sannindi og ný að það munar heilmiklu að sleppa lyftunni og taka stigann.

Hafrún mælir ekki með því að nota hvata eins og í kjólinn fyrir jólin. „Markmiðin eiga ekki að

snúast um kíló eða sentimetra heldur að mæta og leggja sig fram, eitthvað sem þú hefur fullkomna stjórn á því þú hefur ekkert fullkomna stjórn á kílóum,“ segir hún. „Lykilatriðið er að halda sig við að mæta einu sinni í viku í einhverri tíma, sama hvað gengur á og bæta svo hægt og rólega við skiptin eftir því sem mögulegt er upp í þrjú skipti. Lítil skref minnka líkurnar á því að þú gefist upp. Það byrjar enginn á því að labba upp á Everest.“ Hún nefnir dæmi um mælanleg markmið. „Hversu oft ég mæti í ræktina, hversu þungu ég lyfti og hversu langt ég gat hlaupið.“

Og þegar markmiðinu er náð að setja sér þá nýtt og smám saman auka við.“

Hún segir að markmiðin þurfi ekkert endilega að vera mörg. „Það er ekkert mál að stækka þau eftir því sem þau nást eitt af öðru. Byrja á 100 m sundi einu sinni í viku og fjölga svo skiptum og lengja vegalengdir þegar þú ert búin að festa vanann í sessi. Og umfram allt að velja eitthvað sem þér finnst skemmtilegt og þér líður vel af því annars endistu hvort sem er ekki neitt. Lykilatriðið er að halda sig við efnið og ekki ætla að komast í form á mánuði, það virkar ekki neitt.“

## Betri svefn

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúruulyf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni

Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljógvandi áhrif.



„Ég bæði sef fastar og sofa fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla“

Elsa M. Víðis



Valið besta bætiefni við streitu hjá National Nutrition í Kanada





# Slakaðu á með Slökun



## Einkenni magnesium- skorts

- ☞ Lítil orka
- ☞ Þróttleysi
- ☞ Veik bein
- ☞ Hormóna ójafnvægi
- ☞ Svefntruflanir
- ☞ Vöðvakrampar, kippir og spenna
- ☞ Kólkun líffæra
- ☞ Óreglulegur hjartsláttur
- ☞ Kvíði
- ☞ Streita
- ☞ Pirringur



[www.mammaveitbest.is](http://www.mammaveitbest.is)

# Þjálfunin eykur lífsgæðin

Hávarður Emils-son húsasmiðameistari segir aldrei of seint að byrja að hreyfa sig. Hann er 73 ára og byrjaði í styrktarþjálfun hjá Sóltúni Heima í fyrrahaust og sér ekki eftir því.

Hávarður segir að heilsan hafi sjaldan verið betri en nú. „Maður á minum aldri er ekki mikið fyrir að fara í leikfimi og í raun hef ég aldrei stundað neina líkamsrækt. Konunni minni fannst hins vegar kominn tími til að ég gerði eitthvað í mínum málum og kæmi mér í betra form. Þegar ég sá auglýsingu frá Sóltúni Heima ákvað ég að skrá mig á námskeið og ætlaði að reyna að halda það út fram að jöllum. Og hér er ég enn,“ segir Hávarður glaður í bragði en hann sækir námskeiðið Kraftajötmar sem haldið er í íþróttahúsi Fatlaðra, ÍFR, í Hátúni

15 í Reykjavík. Boðið er upp á sams konar námskeið fyrir konur sem kallast Kjarnakonur en Sóltún Heima býður upp á sérsniðna þjónustu fyrir 60 ára og eldri.

Tímarnir byrja á upphitun, síðan taka við styrktaræfingar og loks teygjur. Hávarður segir tímana svo skemmtilega að þeir fljúgi áfram. „Ég var ótrúlega fljótur að finna mun á mér og komast í gott form. Ég var eiginlega hissa hvað það tók stuttan tíma. Jafnvægið er betra og ég er ekki eins stírdur. Mér finnst betra að beygja mig. Núna sest ég niður í stól en hlamma mér ekki niður eins og áður. Það skemmir ekki fyrir hvað félagskapurinn er góður. Ég hef kynnst fjölda stráka á mínum aldri, af öllum stigum þjóðfélagsins, sem eru með mér í tímum. Eftir leikfimina setjumst við niður, fáum okkur kaffi og þá er um margt skrafað, það er mikil stemning í þessum góða hópi,“ segir hann.

## Tólf kíló fokin á einu ári

Hávarður tók mataræðið einnig föstum tókum og nú eru 12 kíló fokin á einu ári. „Þótt þetta séu ekki mörg kíló á ég miklu auðveldara með að hreyfa mig og fara um. Konan mín segist eiga alveg nýjan mann,“ segir Hávarður broсандi en hann hefur líka svo gott sem lagt bilnum og tekið fram hjóli í staðinn. „Núna er ég kominn í það gott form að ég get farið allra minna



Hávarður var ótrúlega fljótur að koma sér í gott form og konan hans segist eiga alveg nýjan mann. MYND/ERNIR

ferða á hjóli. Ég hjóla t.d. alltaf út í búð og kaupi í matinn. Billinn er bara geymdur fyrir utan húsið okkar.“

Þegar Hávarður er spurður hvort hann hafi átt von á svona jákvæðum breytingum á heilsufarinu segir hann svo ekki vera. „Nei, ég átti ekki von á svona miklum breytingum. Ég er kominn á þann

aldur að ég er búinn að fara í hnjúskipti og hef fengið blóðtappa oftar en einu sinni en ég finn ekkert fyrir þessu núna. Ég er sannfærður um að þjálfunin eykur lífsgæðin og mér finnst hreyfingin mjög skemmtileg. Svo má ekki gleyma að kennarnir eru afar góðir. Ég mæli heilsuhugar með Sóltúni Heima fyrir stráka á minum aldri.



Nánar má sjá á [www.soltunheima.is](http://www.soltunheima.is) eða hringja í síma 563-1400.

# Markmiðin á minnismiða

Sóley Jóhannsdóttir hefur verið alger íþróttálfur frá unga aldri. Hún starfar sem einkaþjálfari í dag og æfir auk þess CrossFit. Hún mælir með því að fólk skrifi markmið sín á áberandi minnismiða.

Sólveig Gísladóttir  
solveig@frettabladid.is

Hvernig líkamsrækt hefur þú stundað?

Lengst af var ég í fótbolta og sundi, seinna tóku við útihlaup, fjallgöngur, og líkamsrækt í lyftingasal. Ég lærði svo einkaþjálfun í Keili árið 2013, er með CrossFit L1 þjálfararéttindi og hef setið námskeið eins og kraftlyftinganámskeið en ég hef mikinn áhuga á styrktarþjálfun. Í dag stunda ég aðallega CrossFit og hef gert síðustu fimm ár.

Hvað æfir þú oft í viku?

Ég reyni að æfa minnst þrisvar sinnum í viku en markmiðið er fimm til sex sinnum.

Hver er upphaldsæfingin þín? Erfitt að velja eina, en ætli hnébeygur, réttstöðulyfta, og clean & jerk séu ekki á topp þrjár listanum.



Hver er besta teygjan?

Ég myndi segja Psoas teygjan, allir sem vinna sitjandi ættu að gera hana einu sinni til þrisvar á dag.

Adhyllist þú einhverja sérstaka stefnu í mataræði?

Nei, ég adhyllist frekar að því að laga núverandi mataræði til langs tíma. Hver og einn einstaklingur er einstakur og ákveðnir kúrar henta fólki misvel, fyrir utan að kúrar eru bara skammtimalausn.

Mér sýnist flestir mega borða meira af próteinum og passa að hafa eitthvað próteinrikt með hverri máltíð. Margir eru líka mjög fastir í brauðinu og er það með næstum hverri máltíð.

Er eitthvað sem þú forðast?

Já, ég reyni að forðast sætuefni eins og súkralósa, maltitol og aspartame, en þetta finnst í nánast öllu í dag sem er „sykurlaus“, þó það sé sykurlaus þá hækka þessi

efni hormónaframleiðslu insúlíns sem leiðir á endanum til áunninnar sykursýki.

Hvað borðar þú fyrir og eftir æfingu?

Til dæmis smoothie, ávöxt, próteinpönnukökur, kaffi eða eitthvað annað létt í magann fyrir æfingu.

Þegar ég æfi á kvöldin fer ég eftir æfingu og fæ mér næringarrikan kvöldmat, annars myndi ég fá mér eitthvað próteinrikt eins og gríska

Sóley starfar sem einkaþjálfari í Reebok Fitness og æfir CrossFit.  
MYND/ERNIR

## Sóley gefur hér dæmi um matseðil hjá sér

### Morgunmatur:

2-3 egg með tómötum, eða grísk jógúrt með granola, berjum eða ávöxtum.

### Millimál:

Hnetur, ávöxtur eða grænmeti.

### Hádegismatur:

Kjöt eða fiskur með Brúnum hrisgrjónum, sætri kartöflu eða Quinoa og salat.

### Millimál:

2x prótein bananapönnukökur

### Kvöldmatur:

Kjöt eða fiskur með meira salati.

jógúrt, egg eða hrökkbrauð með kotasælu og grænmeti.

Hvaða borðar þú milli mála? Hrökkbrauð með kotasælu og grænmeti, hnetur, ávæxti, grænmeti með hummus, próteindrykk, múslstantangir og fleira.

Lumar þú á einhverjum góðum heilsuráðum?

Settu þér skýr og mælanleg markmið og skrifaðu þau niður, settu þau á post-it miða og settu hann þar sem þú sérð hann alla daga til að minna þig á.

Taktu þér minnst 30 mínútur á dag og hreyfðu þig, reyndu að lyfta þrisvar sinnum í viku til að auka styrk. Forðastu að borða sætuefni. Borðuðu fjölbreytt og próteinrikt. Reyndu að forðast að kaupa verksmíðjuframleiddan mat, flyttu heldur ísskápinum af grænmeti, ávöxtum, kjöti, fiski, eggjum og svo framvegis. Stilltu svo því græna í aughnæð inni í ísskápinum svo það sé það fyrsta sem þú sérð.



# Incrediwear sporthlífar gefa góðan stuðning í íþróttum

Incrediwear sporthlífar eru þægilegar og leggjast vel upp að húðinni. Efnið í hlífunum stuðlar að auknu blóðflæði sem hjálpar við að minnka álag, bólgu og þreytu ásamt því að flýta bata eftir mikla áreynslu.

**K**irópraktörinn Jackson Corley lenti í mjög alvarlegu slysi á fjallareiðhjólí en litlu mátti muna að hann lamaðist vegna taugaskaða. Hann var þjakaður af bólgu og verkjum eftir slysið en fann ekkert sem hjálpaði honum. Jackson Corley var mikill íþróttamaður og hafði stundað alls kyns jafaríþróttir af mikilli ástíðu. Til að halda áfram lífstill sínum ákvað hann að þróa vörur sem gætu hjálpað honum að losna við afleiðingar slyssins. Þá urðu Incrediwear hlífðarvörurnar til. Þær eru unnar úr bambuskolum og frumefninu germaníum sem hann lét vinna sérstaklega til að nota í hlífur fyrir fætur.

Efnin í Incrediwear hlífðarvörum virkjast við líkamshitann og stuðla að auknu blóðflæði sem eykur líkur á bata. Þegar blóðflæðið örvast í vefjum líkamans verður um leið aukið flæði súrefnis og næringarefna á þann stað sem hlífir umlykur. Incrediwear hlífur virka því eins og meðferð með infrarauðum hitalampa. Vörurnar hafa fengið gífurlega góðar viðtökur hjá íþróttafólki um allan heim og hjá fólki sem stundar útivist og hreyfingu. Fjöldi rannsóknna sýnir að virkni in Incrediwear



Katrín Sigrún Tómasdóttir, þjálfari og náttúruhlaupari, mælir með hlífðarvörum frá Incrediwear.

hlífðarvörum er mikil og vinnur hratt á bólgu og verkjum eftir meiðli.

„Ég hef notað bakhlífina frá Incrediwear reglulega í tvö ár, bæði í daglegu amstri, á æfingum og í keppnum, meðal annars í Laugavegshlaupi og 24 klukkustunda Spartan-keppni,“ segir Katrín Sigrún Tómasdóttir, þjálfari og náttúruhlaupari.


„Hlífir gefur mér góðan stuðning og kemur í veg fyrir að ég þreytist í baki en hindrar samt ekki hreyfingu. Hnéhlífir hefur einnig reynst mér mjög vel en hana hef ég notað á æfingum, í keppnum og í hvíld,“ segir Katrín.

Í Incrediwear linunni er boðið upp á hlífur fyrir bak og öll liðamót en einnig íþrótt- og útivistarsokka ásamt æfingabuxum. Incrediwear hlífur fólki að ná árangri og stuðlar að betri liðan.


Incrediwear stuðningshlífur og íþróttavörur fást í verslunum Lyfju, Heilsuhúsinu Kringlunni og í Útilífi.




Incrediwear stuðningshlífur henta vel sem stuðningur í flestum íþróttagreinum.



Incrediwear fyrir öklkla.



Incrediwear fyrir handlegg.



Incrediwear fyrir hné.

# Life-flo fyrir aukna velliðan

Life-flo veitir aukna velliðan þar sem magnesíum er í aðalhlutverki.

**E**r líkaminn undir miklu álagi, ertu með þreytta vöðva, færðu vöðvakrampa eða vantar þig góða slökun?

- Magnesíumflögur í baðið
- Mild magnesíumsturtusápa
- Magnesíumsápa
- Magnesíum sport rollon
- Magnesíumfótasprey með piparmyntuolíu og eucalyptus, kælir og róar
- Magnesíum og campbark fóta-krem, tvöföld virkni til að ná góðri vöðvaslökun



Life-flo vörulinnan fást í verslunum Heilsuhússins, Apótekinu og í verslunum Lyfju.



Þórólfur Ingvi Þórsson, Íslandsmeistari í 10.000 m hlaupi og margfalður Íslandsmet-hafi í 40-44 ára flokki, mælir með vörum frá Life-flo.



# Mikil fríðindi fyrir meðlimi

Meðlimir hjá Hilton Reykjavík Spa hafa aðgang að fyrsta flokks líkamsræktaraðstöðu og þjálfurum sem veita persónulega þjónustu, ásamt heilsulind fyrir slökun og ýmiss konar snyrtimeðferðir.

**H**ilton Reykjavík Spa er fyrsta flokks heilsurækt í rólegu og þægilegu umhverfi á Hilton Reykjavík Nordica sem býður upp á allt það besta sem völ er á þegar kemur að líkams- og heilsurækt,“ segir Guðbjartur H. Ólafsson, íþróttafræðingur og þjálfari hjá Hilton Reykjavík Spa. „Hjá okkur er hægt að sækja líkamsrækt, nudd og fjölbreyttar snyrtimeðferðir.

Við leggjum áherslu á að veita persónulega og góða þjónustu sem fullnægir þörfum þeirra sem gera kröfur þegar kemur að líkamsrækt og vellíðan,“ segir Guðbjartur. „Hver viðskiptavinur er einstakur og okkar stefna er að mæta þörfum hvers og eins.“

## Sérnsiðin aðstoð frá þjálfurum

„Meðlimakort hjá okkur veitir aðgang að alls kyns þjónustu. Meðal þess sem er innifalið er aðgangur að aðstöðu líkamsræktarþjálfara í tækjasal sem útbýr sérnsiðna æfingaáætlun fyrir hvern og einn, kennir á tækin og aðstoðar á annan hátt eftir þörfum,“ segir Guðbjartur. „Þjálfarar geta líka framkvæmt mælingu á líkams-samsetningu og ummáli á nokkra vikna fresti.

“Meðlimakort hjá okkur veitir aðgang að alls kyns þjónustu.

Guðbjartur H. Ólafsson

Þjálfararnir okkar hjálpa þér að ná tilsettum markmiðum með því að hanna æfingaáætlun með þarfir þínar í huga og þeir tryggja að æfingarnar séu gerðar á réttan hátt,“ segir Guðbjartur. „Hvort sem þú vilt greнна þig, styrkja þig, auka líðleika eða snerpu eða bara einfaldlega láta þér líða betur þá hjálpa þjálfararnir okkar þér að ná árangri og viðhalda áhuganum. Þeir veita þér svo líka ráðgjöf um mataræðið sem hentar þinni æfingaáætlun. Allir einkabjálfararnir okkar eru menntaðir í faginu og hafa áralanga reynslu að baki.

Meðlimakort gefur líka aðgang að fjölbreyttum opnum höptimum þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Guðbjartur. „Það er til dæmis hægt að fara í fjórar tegundir af yoga; hot yoga, vinyasa yoga, yoga core og hot yoga sculpt en auk þess er margt annað í boði, s.s. þrekkimar, buttlift, hot foam flex, fit pilates og styrkur og afll.“

## Glæsileg heilsulind í boði

„Meðlimir hafa líka aðgang að heilsulindinni okkar,“ segir Guðbjartur. „Þar er boðið upp á herðanudd í heitu pottunum og handklæði við hverja komu. Í heilsulindinni eru tveir heitir pottar, vatnsgufa, slökunarlaug og glæsileg útiaðstaða, en úti á veröndinni er annar heitur pottur, sauna og sólbaðsaðstaða.

Heilsulindin býður líka upp á fjölbreyttar nudd- og snyrtimeðferðir og spa upplifun sem henta bæði körlum og konum og meðlimir fá 10% afslátt af þeim öllum sem og gjafakortum,“ segir Guðbjartur. „Aðgangur að heilsulindinni er innifalinn með öllum snyrtimeðferðum yfir 9.000 krónum, en aðgangur að spa með meðferðum undir 9.000 krónum kostar 3.500 krónur og stakur aðgangur í Hilton Reykjavík Spa og Gym kostar 5.490 krónur.“




Meðlimir er í mjög góðum höndum hjá þeim Guðbjartu H. Ólafssyni og Patrick J. Chiarolanio, sem starfa sem þjálfarar hjá Hilton Reykjavík Spa. MYND/ERNIR



Það er vel tekið á móti öllum gestum sem koma í Hilton Reykjavík Spa.



Á Hilton Reykjavík Spa er glæsileg útiaðstaða með ýmsum þægindum.



Í heilsulindinni er meðal annars boðið upp á herðanudd í heitu pottunum.





**Hilton**  
REYKJAVIK SPA



60 PLÚS



## Styrkur, þol, jafnvægi og samhæfing

4 vikna námskeið fyrir 60 ára og eldri.  
Hefst mánudaginn 10. september.

Skemmtilegir tímar sniðir fyrir fullorðið fólk. Áhersla á persónulega aðstoð, styrk, þol, jafnvægi og samhæfingu til þess að auka lífsgæði.

Verð: 29.900 kr.

Innifalið: Aðgangur að Spa, handklæði við komu, herðanudd í heitum pottum.

Tímar kl. 13.00

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga: Hóptími

Priðjudaga og fimmtudaga: Program hjá þjálfara í sal - frjáls mæting



Þjálfarar: Guðbjartur Ólafsson, Steinunn H. Björgólfsdóttir og Patrick Chiarolanzio

Skráning og nánari upplýsingar á [spa@hiltonreykjavikspa.is](http://spa@hiltonreykjavikspa.is) og í síma 444 5090.



**Hilton**  
REYKJAVIK SPA



100 DAGAR



## Leiðin að betri lífsstíl

100 daga lífsstílsáskorun hefst mánudaginn 10. september 2018

Mælingar á tveggja vikna fresti, ráðleggingar um mataræði (matardagbækur) og þrjár fyrirlestrar. Leiðsögn í sal og persónuleg aðstoð.

**Við verðlaunum góðan árangur í lífsstílsáskoruninni**

1. verðlaun kvenna: 6 mán. kort í Hilton Reykjavík Spa að verðmæti 186.000 kr.  
1. verðlaun karla: 6 mán. kort í Hilton Reykjavík Spa að verðmæti 186.000 kr.  
Aukaverðlaun: Nudd í Hilton Reykjavík Spa að verðmæti 12.900 kr.

Verð: 113.900 kr.

Innifalið: Aðgangur að Spa, handklæði við komu, herðanudd í heitum pottum.

Tvö námskeið í boði: Kl. 07.30 mánudaga, miðvikudaga og föstudaga

Kl. 17.30 mánudaga, miðvikudaga og kl. 16.30 föstudaga



Þjálfarar: Patrick Chiarolanzio, Steinunn H. Björgólfsdóttir og Guðbjartur Ólafsson

Skráning og nánari upplýsingar á [spa@hiltonreykjavikspa.is](http://spa@hiltonreykjavikspa.is) og í síma 444 5090.

